




SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um athafnaskáldskap og rað-protamenn. **13**



MENNING Jónas Sen hafði enga samúð með Carmen, ekki einu sinni í lokin. **45**



SPORT Aron Jóhannsson kom við sögu í öllum þremur mörkum AZ Alkmaar í gær. Hann skoraði tvö. **32**



Whirlpool
PVOTTAVÉLAR

Heimilistæki ht.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
21. október 2013
247. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Vill bæta ímynd ÖBÍ

Ellen J. Calmon, nýr formaður Öryrkjabandalags Íslands, vill þetta hóp aðildarfélaga bandalagsins og breyta baráttuáferðum þess. **6**

Flugvél nauðlenti Lítil fjögurra sæta kennslflugvél nauðlenti á Biskupstungnabraut milli Geysis og Gullfoss um hádegi í gær. **2**

Hraunavinir berjast Hraunavinir ætla að halda varðstöðunni í Gálga-hrauni áfram. Vegagerðin hyggst halda framkvæmdum í hrauninu áfram. **4**

Kenningum kollvarpað Kenningar um forfeður nútímamannsins standa völlum fótum eftir beinafund í Georgíu. **8**

Löng bið eftir fyrsta viðtali við krabbameinslækni

Læknum á lyflækningadeild krabbameina á Landspítalanum hefur fækkað um helming. Ástandið hefur ekki verið jafn alvarlegt í fjóra áratugi, segir yfirlæknir. Varahlutir í úrelt tæki eru keyptir á netinu til að spara.

HEILBRIGÐISMÁL „Ástandið á spítalanum hefur ekki verið jafn alvarlegt síðustu fjóra áratugi,“ segir Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir og prófessor í skurðlækningum á Landspítalanum.

Tómas og þrjátíu aðrir lækningar úr prófessoraráði Landspítalans skrifa í dag grein í Fréttablaðið þar sem þeir greina frá þeirri alvarlegu stöðu sem upp er komin á ýmsum lykileildum spítalans og rekja hana til fjárskorts. Þar lýsa lækarnir meðal annars mikilli manneklu á lyflækningasviði spítalans.

„Ástandið á lyflækningadeild krabbameina er til dæmis graf-alvarlegt því þar sinna einungis

fjórir lækningar störfum sem átta sinntu áður. Einum af þessum fjórum læknum hefur borist atvinnu-tilboð frá Bandaríkjunum og læknirinn er nú að íhuga sína stöðu,“ segir Tómas.

Hann nefnir einnig að bið eftir fyrsta viðtali við krabbameinslækni geti nú verið allt að þrjár til fjórar vikur.

„Þetta er sú staða sem krabbameinssjúklingar á Íslandi þurfa nú að búa við og núverandi ástand er ekki til þess fallið að slá á þann kvíða sem fylgir því að greinast með illkynja sjúkdóm,“ segir Tómas.

Í grein lækna er einnig sagt frá því að hluti tækjabúnaður



Tómas Guðbjartsson, prófessor í skurðlækningum á Landspítalanum.

Sum bráðnaðsynleg tæki eru einfaldlega ekki til á spítalanum. Önnur eru úrelt og síbilandi.

spítalans sé orðinn úreltur og að starfsmenn hans hafi í sparnaðarskyni þurft að kaupa varahluti í gömul tæki á netinu.

„Við höfum algjörlega vanrækt þennan hluta starfseminnar og sum bráðnaðsynleg tæki eru einfaldlega ekki til á spítalanum. Önnur eru úrelt og síbilandi,“ segir Tómas og nefnir sem dæmi að æðaþræðingartæki spítalans sé orðið fjórtan ára gamalt.

„Með þessum skrifum okkar viljum við á engan hátt vekja ótta hjá sjúklingum. Við erum aftur á móti komnir að þeim tímamarki að þurfa að greina frá stöðunni eins og hún raunverulega er því stjórnmálamaður virðast ekki trúna því að ástandið sé svona,“ segir Tómas.

- hg / sjá síðu 14

SHALDÖR 12

Bolungarvík	1°	NA11
Akureyri	1°	N 3
Egilsstaðir	4°	NA 4
Kirkjubæjarkl.	5°	NV 3
Reykjavík	3°	NA 6

ÉI N-til Norðaustan strekkingur NV-til annars hægari. Úrkoma N- og A-til en þurrt að kalla S-lands. Hiti 0-6 stig yfir daginn, mildast syðst. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk

FÓLK

FASTEIGNIR.IS

LANDMARK

100% þjónusta = árangur

Bíbýli með glasslegu úteymi



SÁTTIR SIGURVEGARAR Nuus-hópurinn, sem hoppar hér af gleði, vann Startup Weekend-hugmyndakeppnina sem fór fram um helgina. Á myndinni eru, frá vinstri, Brynja Guðmundsdóttir, Benjamin Blumer frá Kanada, Troels Kranker frá Danmörku, Heiða Björt og Svandís Ósk Gestsdætur. Á myndina vantar tvo úr hópnum. Sjá síðu 2.

Kona varð fyrir leigubifreið:

Lést í bílslysi í Danmörku

SLYS 26 ára íslensk kona lést eftir að hún varð fyrir leigubíli í Kaupmannahöfn aðfaranótt sunnundags. Konan var með meðvitund þegar sjúkraflutningamenn komu á slystað en lést tveimur klukkutímum síðar. Ökumaður leigubílsins sagði við skýrslutöku að konan hefði skyndilega birst á miðri götunni og honum hefði ekki tekist að forðast árekstur.

Jarðstrengir dýrari á Íslandi:

Álögur of háar

ORKUMÁL Skattaálgömur stjórnvalda eru ein af ástæðum þess að jarðstrengir eru varla raunhæfur kostur til uppbyggingar flutningskerfis raforku, segir Þóroddur Guðmundsson, forstjóri Landsnets. Hann kallar eftir stefnumörkun stjórnvalda varðandi flutningskerfi raforku.

Langaði að hafa fleiri pólskar bækur og hljóðbækur í boði á bókasafni:

Brúðargjafir fóru á bókasafnið

FÓLK Edyta Angieszka Janikula gaf bókasafni Hafnarfjarðar 800 pólskar bækur og eitthvað magn af tónlist en bækurnar fékk hún flestar í brúðskaupsjöf í sumar.

Edyta, sem er 27 ára Pólverji, fékk starf á bókasafninu fyrr á þessu ári í gegnum atvinnuáttak Hafnarfjarðarbæjar sem kallast líösstyrkur.

Síðastliðinn föstudagur var

síðasti vinnudagur hennar í bókasafninu.

„Ég bað fólk um að gefa mér ekki blóm eða eitthvað slíkt heldur bara bækur. Ég keypti líka bækur og náði í bækur heim til mín,“ segir Edyta, spurð út í þessa óvenjulegu bókagjöf. „Mig langar að hafa fleiri pólskar bækur í boði á bókasafninu og ég elska þennan vinnustað.“

- fb / sjá síðu 30



Edyta Angieszka Janikula

Mig langar að hafa fleiri pólskar bækur í boði á bókasafninu.

Paratabs®

Actavis

KRINGLUKAST

Lokadagur | Opíð frá 10-18.30

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

NÝ 6 VIKNA NÁMSKEIÐ

21. OKTÓBER

STYRKUR

LÍFSTÍLL

HARDCORE

BRENNSLA/MÓTUN

World Class ICELAND

worldclass.is

SPURNING DAGSINS



Porvaldur, stendur þú upp fyrir uppstigningardegi?

„Já, það geri ég. Ég stend alltaf upp fyrir uppstigningardegi.“

Porvaldur Vioðsson biskupsritari vill ekki að uppstigningardagur verði afnuminn sem almennur frídagur.

Sjö manna fjölskylda missti öll reiðtygi sín í innbroti í Keflavík:

Rándýrum reiðtygjum stolið

LÖGREGLUMÁL „Þetta er tilfinnalegt tjón fyrir okkur. Það var stolið frá okkur reiðtygjum fyrir um þrjár milljónir króna. Á einu bretti hvarf 30 ára úterð,“ segir Gunnar Mariusson, hestamaður í Keflavík. Brotist var inn í hesthús Gunnars, sem stendur við Mánagrund, á fimmtudag og stolið þremur hnökkum og 20 beislum, þar af þremur mjög dýrum.

Hann segir að þau séu sjö í fjölskyldunni og öll í hestamennsku. Dætur hans hafi verið að keppa

á mótum og þau því átt góðan keppnisbúnað.

Fyrir tveimur árum var brotist inn hjá Gunnari og þá var þremur dýrum hnökkum stolið.

Gunnar segir þjófarnir hafi spennt upp hurð og látið greipar sópa um reiðtygin. Þeir hafi vitað nákvæmlega hvað þeir ætluðu að taka því ekki hafi verið hreyft við neinu öðru eða rótað til. Þeir sem geta gefið upplýsingar um málið eru beðnir að hafa samband við lögregluna í síma 420-1800 -jme



FRÁ MÁNAGRUND Reiðtygjum að verðmæti þriggja milljóna króna var rænt í innbroti í hesthús á Mánagrund í Reykjanesbæ. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Hagen um eigin flokk:
Vænta má
harðari stefnu

NOREGUR Carl I. Hagen, fyrrverandi formaður Framfaraflokksins í Noregi, segir stjórnmalamann með innflytjendabakgrunn taka harðar á málafnum hælisleitenda en nú er gert.

Á vef norska ríkisútvarpsins er haft eftir Hagen að þeir vilji binda enda á straum fólks sem komi til þess að nýta sér kerfið. Mazyar Keshvari er talsmaður flokksins í innflytjendamálum og Himanshu Gulati er ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu. -ibs



NAUÐLENTI Vélin er af gerðinni Diamond DA-40 og er fjögurra sæta einshreyfils flugvél. MYND/PORBJÖRN ÞÓRÐARSON.

Ekkert vitað um orsök vélarbilunar í kennsluflugvél Keilis:

Nauðlenti á Biskupstungnabraut

SAMGÖNGUR Lítil fjögurra sæta kennsluflugvél frá Flugakademíu Keilis nauðlenti á Biskupstungnabraut milli Geysis og Gullfoss rétt fyrir hádegi í gær. Tveir voru um borð í vélinni, nemandi í atvinnuflugum með einkaflugmannsréttindi og farþegi. Þá sakaði ekki.

„Flugmaðurinn þurfti að nauðlenda eftir að vélin missti vélarþrýsting,“ segir Ragnar Guðmundsson, starfsmaður Rannsóknarnefndar samgönguslysa og stjórnandi rannsóknarinnar. Hann segir að flugvélin sé óskemmd fyrir utan eitt ljós sem brotnaði þegar annar vængendi rakst í stíku á veginum. Ragnar segir ekkert vitað um orsök vélarbilunarinnar. Starfsmenn Rannsóknarnefndarinnar unnu í gærkvöldi við að koma vélinni til Reykjavíkur. -hg

Enginn næringarráðgjafi:

Mikilvægt
vegna ofnæmis

HEILBRIGÐISMÁL Enginn næringarfræðingur eða næringarráðgjafi er starfandi á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands, segir það slæmt á þessum fyrsta viðkomustað fólks í heilbrigðisþjónustunni.

„Þegar til dæmis er grunur um að barn sé með fæðuofnæmi eða óþol hefur verið staðfest af ofnæmislæknum, þarf að skoða mataræði barnsins með það í huga hvaða fæðuteygundir geti komið í staðinn fyrir þá fæðu sem taka þarf út,“ segir Ingibjörg. -hrs

Bygðakvóta úthlutað:

32 sveitarfélög
fá úthlutun

SJÁVARÚTVEGUR Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur úthlutað 6.824 þorskígildistonnunum í bygðakvóta fyrir núverandi fiskveiðiár.

Bygðakvóta er úthlutað til 47 byggðarlaga í 32 sveitarfélögum. Hámarksúthlutun til byggðarlags er 300 tonn og fengu sex byggðarlög slíka úthlutun; Flateyri, Grundarfjörður, Garður, Skagaströnd, og Vopnafjörður. Snæfellsbær fær mest sveitarfélaga eða 735 tonn.

Bygðakvóti er gefinn út til að veða á móti samdrætti á kvóta og vinnslu og samdrætti í rækju- og skelvinnslu sem hefur orðið í sveitarfélögum. -skó

Fréttaveitan sigraði
í frumkvöðlakeppni

Fréttaveitu-appið Nuus stóð uppi sem sigurvegari í hugmyndakeppninni Startup Weekend sem fram fór um helgina. „Eins og Spotify nema bara fyrir fréttir,“ segir skipuleggjandi keppinnar. Segir mikilvægt að vinna áfram með hugmyndirnar.

VIÐSKIPTI Fréttaveitu-appið Nuus fyrir iPad og snjallsíma sem safnar fréttum og upplýsingum á einn stað stóð uppi sem sigurvegari í hugmyndakeppninni Startup Weekend í ár.

„Nuus hjálpar neytandanum að nálgast fréttæfni sem hann hefur áhuga á, með aðgengilegum og þægilegum hætti. Þetta er eins og Spotify nema bara fyrir fréttir,“ útskýrir Ragnar Örn Kormáksson, skipuleggjandi Startup Weekend á Íslandi, sem fram fór um helgina.

Hugmyndirnar í ár voru af ýmsum toga. „Einn aðili hannaði bollastand fyrir reiðhjól. Þetta er allt frá öppum yfir í bollastanda.“

Þátttakendurnir, sem voru á öllum aldri, fengu hjálfun og aðstoð við uppbyggingu viðskiptahugmynda en markmið Startup Weekend er að stuðla að stofnun nýrra sprotafyrirtækja á Íslandi.

Startup Weekend er alþjóðlegur viðburður sem fram fór í Háskólanum í Reykjavík en þetta er í þriðja sinn sem Klak Innovit og Landsbankinn standa fyrir slíkri helgi í Reykjavík.

„Þetta er viðburður sem við sækjum frá Bandaríkjunum en áður höfðum við verið með svipaða viðburði, svokallaðar atvinnu- og nýsköpunarhelgar vís vegar um landið í samvinnu við Landsbankann. Startup Weekend er hins vegar stærri í sniðum,“ segir Ragnar Örn. Dómarar keppinnar í ár voru



UNNIÐ AF KAPPI Þátttakendur vinna að hugmyndum sínum alla helgina og fara varla út úr húsi. MYND/DILJA VALSDÓTTIR

Um 8.000 fyrirtæki stofnuð eftir viðburð

Startup Weekend er alþjóðlegur viðburður sem hefur farið sigurför um heiminn. Á heimsvísu hafa yfir 8.000 fyrirtæki verið stofnuð með þátttöku yfir 100.000 frumkvöðla í 400 borgum.

Þekktasta hugmyndin hér á landi sem orðið hefur til á Startup Weekend er líklega vefsíðan Ævispor, aevi.is. Þar getur fólk hlaðið inn skrá, skrifað skilaboð og fleira, og er efnið sent fyrirfram völdum viðtakendum eftir andlát.

þau Magrét Ormslev Ásgeirsdóttir frá Landsbankanum, Stefán Jökull Stefánsson frá DCG og Hrefna Briem frá Háskólanum í Reykjavík. „Þau athuguðu ýmislegt þegar þau völdu sigurvegumyndina, eins og hvort viðskiptamódelið gengi upp, hvernig tekjuöflunin gæti gengið, útfærsluna og hversu miklu hópurinn afkastaði yfir helgina,“ segir Ragnar Örn um fyrirkomulagið. Unnið var í þrettán teyllum og

voru þrjár til átta manns í hverju teymi, en alls tóku um 70 manns þátt í keppninni.

„Fólk fór var t úr húsi alla helgina, það var mikill dugnaður og metnaður í fólkinu. Mikilvægt er þó að fyrirtækin eða teymin haldi áfram að vinna með hugmyndir sínar og sæki um að fara frumkvöðlakeppnina Gulleggjó, sem fram fer árlega á vorin,“ segir Ragnar Örn. gunnarleo@frettabladid.is

Að heyrna er að trúa!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Byggingu tæplega 90 hjúkrunarrýma fyrir aldraða í Reykjavík slegið á frest:

Mikilvægt verkefni í uppnámi

HEILBRIGÐISMÁL Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur tilkynnt Reykjavíkurborg að byggingu tæplega 90 hjúkrunarrýma fyrir aldraða við Sléttuveg í Reykjavík hafi verið slegið á frest.



DAGUR B. EGGERTSSON

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, hvarf þessa ákvörðun og segir þörf á byggingu hjúkrunarrýma fyrir 250 manns á höfuðborgarsvæðinu á næstu tveimur árum.

„Þetta þýðir að mjög mikilvæg uppbygging í þágu aldraða hér við Sléttuveg í samvinnu Hrafnistu og borgarinnar er í uppnámi. Þar með eru auðvitað þeir 88 einstaklingar á hverjum tíma sem þurfa hjúkrunarrými í uppnámi og þeirra aðstandendur,“ segir Dagur.

Hann segir þetta einnig slæmar fréttir fyrir Landspítalinn því eitt af vandamálum hans sé að geta ekki útskrifað aldraða einstaklinga sem þurfi á hjúkrunarheimilum að halda. Talið er að byggja þurfi hjúkrunarheimili fyrir 250 einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu á næstu tveimur árum. Nú þegar eru 116



HRAFNISTA Talið er að byggja þurfi hjúkrunarheimili fyrir 250 manns á höfuðborgarsvæðinu á næstu tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

einstaklingar á biðlista eftir slíku heimili og þar af 84 í Reykjavík.

„Það er í raun erfiðara að komast á þennan biðlista en áður því við erum farin að sinna veiku fólki meira heima í gegnum heimaþjúkrun og heimaþjónustu. En það sem er einnig athyglisvert við þennan biðlista er að það er mjög hátt hlutfall Reykvíkinga á honum. Því teljum við mjög brýnt að hjúkrunarheimili risi hér í Reykjavík,“ segir formaður borgarráðs. -hmp



1 GB
á mánuði
í 6 mán.
fylgir!

Nokia Lumia 1020

129.990 kr. stgr.

7.890 kr. /18 mán.



1 GB
á mánuði
í 3 mán.
fylgir!

Nokia Lumia 625

46.990 kr. stgr.

4.190 kr. /12 mán.



1 GB
á mánuði
í 6 mán.
fylgir!

Samsung Galaxy S4

99.990 kr. stgr.

5.990 kr. /18 mán.

4G

Símar sem virða engin hraðatakmark

10x
meiri hraði
en í 3G!



1 GB
á mánuði
í 3 mán.
fylgir!

Samsung Galaxy S4 Mini

79.990 kr. stgr.

4.890 kr. /18 mán.



1 GB
á mánuði
í 3 mán.
fylgir!

Samsung Galaxy Ace 3

49.990 kr. stgr.

4.490 kr. /12 mán.



1 GB
á mánuði
í 3 mán.
fylgir!

LG G2

99.990 kr. stgr.

5.990 kr. /18 mán.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Brandenburg

SVONA ERUM VIÐ



25.926 innflytjendur eru búsettir hér á landi samkvæmt nýjustu mælingu Hagstofu Íslands.

Alls eiga 14.893 landsmenn eitt erlent foreldri og annað íslenskt. Alls eru 218.038 til viðbótar Íslendingar með engan erlendan bakgrunn eða önnur kynslóð innflytjenda. Heimild: Hagstofan.is

Samningafundur í makríldeilunni haldinn í Lundúnum í vikunni: Einstakt tækifæri til að ná sátt

SJÁVARÚTVEGUR „Ef við náum ekki samningum núna þegar ráðgjöfin fer upp um 65 prósent og samsvarar nú því sem menn hafa verið að veíða held ég að möguleikar á samningum í framtíðinni verði litlir,“ segir Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Landssambands Íslenskra útvegs- manna, LÍÚ, um samningafund í makríldeilunni sem haldinn verð-



KOLBEINN ÁRNASON

ur í Lundúnum á miðvikudaginn. Kolbeinn segir útvegs- menn frá upphafi hafa lagt áherslu á að samningur náist í deilunni sem staðið hefur í um sjö ár. Talið er að á fundinum muni Eyrópusambandið bjóða Íslendingum og Færeyingum hvorum um sig um tólf prósent af veiðheimildunum, en hingað til hafa sambandið og Norð-

menn mest boðið þeim sex til sjö prósent. „Það er hins vegar algerlega skýrt í mínum huga að ef við ætlum að ganga til samninga og klára þetta, þurfa allir sem taka verulegan þátt í veiðunum að vera með. Þannig að ég legg gríðarlega áherslu á það ef samningar nást, verði það á sem allra breiðustum grunni og að Færeyingar verði með í því,“ segir Kolbeinn.

- hmp

Smyglari í gæsluvarðhaldi: Með þrjú kíló af amfetamíni

DÓMSMÁL Tæplega þrítugur maður hefur setið í gæsluvarð- haldi síðan hann kom til landsins frá Brussel 22. september síðast- liðinn og tæp þrjú kíló af amfeta- míni fundust vandlega falin í far- angri hans.

Maðurinn er lettneskur ríkis- borgari og var stöðvaður við hefðbundni tolleftrilít. Fleiri hafa ekki verið handteknir vegna málsins og ekki liggur fyrir hvort maðurinn hefur komið áður til Íslands.

- sh

Ný könnun á fylgi flokka: Stjórnarflokkarnir tapa fylgi

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnarflokkarnir mælast samanlagt með 38 prósent fylgi samkvæmt nýrri könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem birt var í gær.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 23,2 prósent fylgi. Framsóknarflokkurinn mælist með 14,8 prósent og fellur um tíu prósentu- stig frá alþingiskosningunum í vor.

Samfylkingin mælist annar stærsti flokkur landsins með um 20 prósent fylgi. Vinstrihreyfingin – grænt fram- boð mælist með 14,5 prósent, Björt Framtíð með 12,4 prósent og Píratar með 8,5 prósent.

- hmp

Fengi sjö borgarfulltrúa: Besti flokkurinn stærstur

STJÓRNMÁL Besti flokkurinn fengi 37 prósent atkvæða, og þar með sjö borgarfulltrúa í Reykjavík, ef kosið yrði nú. Flokkurinn yrði þá stærstur flokka í borginni. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent gerði fyrir fréttastofu RÚV.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist þar með 31 prósent fylgi og fimm borgarfulltrúa. Fimmtán prósent kjósenda styðja Samfylkinguna, sem fengi tvo borgarfulltrúa, og 10 prósent Vinstrihreyfinguna – grænt framboð, sem fengi einn borgarfulltrúa. Framsóknar- flokkurinn mælist með fjögurra prósent fylgi.

- hg

ÍRAK

37 farast í sprengjuárás

Sjálfsmorðsárás var gerð á kaffihús í Bagdad, höfuðborg Íraks, í gær. Að minnsta kosti 37 létust og 42 slósuðust þegar lögreglubíll, hlöðnum sprengiefni, var ekið inn í kaffihúsið, sem er mikið sótt af ungu fólki.

Þungar skattaálögur vinna gegn jarðstrengjavæðingu

Skattaálögur stjórnvalda eru ein af ástæðum þess að jarðstrengir eru vart raunhæfur kostur til uppbyggingar flutningskerfis raforku, segir forstjóri Landsnets. Kostnaðarmunur á loftlínu og jarðstreng erlendis er líttill.

ORKUMÁL „Það er alveg með ólíkindum að jarðstrengir skuli bera 15 prósent vörugjöld á meðan allar búnaður sem fer til loftlína ber ekkert slíkt. Vilji menn leggja sitt af mörkum til að jarðstrengir verði raunhæfur kostur þá geta menn ekki gert þann kost vísitandi dýrari,“ segir Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets. Hann kallar eftir stefnumörkun stjórnvalda er varðar flutnings- kerfi raforku.



ÞÓRÐUR GUÐMUNDSSON

„Þetta er einn af þeim þáttum sem gerir kostnaðinn meiri hér en erlendis. Þó margt annað skipti máli þá blasir þetta við.“ Eins og kunnugt er greinir Landsnet og aðra hagsmunaaðila á um muninn á kostnaði við að leggja loftlínu annars vegar og jarðstreng hins vegar. Landsnet segir hann margfaldan en á móti eru tekin dæmi frá öðrum löndum þar sem sá munur er jafnvel enginn. Þegar Anholt-strengurinn danski var lagður reyndist stofnkostnaður á kílómetra einungis um 1,5 sinnum hærrí.

Bændablaðið fjallaði á fimmtu- dag um lagningu háspennu jarð- strengja í Frakklandi. Þar kemur fram að kostnaðurinn við lagningu jarðstrengja þar í landi sé sá sami og við lagningu loftlínu miðað við 45 ára afskriftartíma. Byggðu upp- lýsingarnar á heimsókn áhuga- manna frá Íslandi til RTE, fransks orkuflutningsfyrirtækis. Yfir- stjórn Landsnets heimsótti fyrir-



LÍNURNAR LAGÐAR Loft- línur, með öllu sem þeim fylgja, eru mikil mann- virki og þyrnir í augum margra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

tækid tveimur vikum fyrr, kemur fram í umfjöllun blaðsins.

En upplýsingarnar frá Frakk- landi breyta ekki myndinni hvað varðar Ísland, segir Þórður. „Það eru svo mörg atriði er varða kostnaðinn sem eru ólík hjá þeim og okkur“, og vísar hann meðal annars í skattaálögur stjórnvalda hér á landi.

Þórður segir hins vegar að Landsnet sé að endurskoða þessi mál og ljóst að kostnaður fer lækkanði. „Við erum að endur- skoða allar okkar áætlanir um jarðstrengi; ekki síst einstaka kostnaðarþætti er varða jarð- strengjavæðingu.“

Ráðherra vill stefnumótun og þjóðarsátt

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, lagði fyrr í október fram skýrslu varðandi móttun stefnu um lagningu raflína í jörð. Þar kemur fram eindregin skoðun ráðherra að nauðsynlegt sé að stjórn- völd móti skýra stefnu um framtíðaruppbyggingu.

Par segir ráðherra: „Par sem hér er um að ræða eina af grundvallar- stoðum í orkumálum Íslands er æskilegt að um framtíð þessara mála ríki almenn sátt. [...] Markmiðið er því að í framhaldi af umræðu um skýrslu nefndarinnar muni stjórnvöld móta opinbera stefnu að því er snertir lagningu raflína í jörð og framtíðaruppbyggingu raforkukerfisins.“

Um sátt í þjóðfélaginu varðandi uppbyggingu flutningskerfisins með jarðstrengjavæðingu segir Þórður. „Við höfum verið að kalla eftir að þessi mál séu skoðuð af

stjórnvöldum og mótuð stefna í jarðstrengjamálum, og ráðherra er að hreyfa við þessu máli þessa dagana,“ segir Þórður.

svavar@frettabladid.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegis

SNÝST Í N-ÁTT og bætir í vind eftir fremur hæga helgi. Strekkingur NV-til í dag en bætir í á morgun og má búast við hvassviðri NV-til á miðvikudag. Úrkoma N- og A-lands næstu daga. Hiti um eða undir frostmarki fyrir norðan en að 5 stigum S-lands.

Alicante 26°	Billund 15°	Gautaborg 13°	London 16°	Orlando 30°	San Francisco 19°
Basel 17°	Frankfurt 16°	Kaupmannahöfn 13°	Mallorca 28°	Ósló 3°	Stokkhólmur 7°
Berlín 17°	Friedrichshafen 22°	Las Palmas 25°	New York 18°	París 21°	

Á morgun
8-15 m/s NV- og V-til, annars hægari.

Miðvikudagur
Allhvas vindur NV-til, hægari A-lands

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

HONDA

The Power of Dreams

HALLÓ. BESTI 4X4 BÍLL ÁRSINS.

HALLÓ. BESTI JEPPI / JEPPLINGUR ÍSLANDS.

HALLÓ. ÁREIÐANLEGASTI BÍLAFRAMLEIÐANDI HEIMS.



* Myndin sýnir Honda CR-V Executive útfærslu.

HONDA CR-V 4X4, KOSTAR FRÁ KR. 5.490.000

HALLÓ. VERÐLAUNABÍLL.

HALLÓ verðlaun, viðurkenningar og aðdáun. Sjaldan hefur einn bíll verið jafn samhljóma valinn besti bíllinn í sínum flokki og hinn nýi Honda CR-V. Þvert yfir heimsálfurnar rakar fjórða kynslóð Honda CR-V að sér verðlaunum og er valinn bestur af virtustu bílagagnrýnendum heims sem og notendum. Hann þykir setja ný viðmið í ferðabægindum, gæðum innréttinga og gagnsemi í akstri og umferð.

Komdu til okkar í Vatnagarða og segðu HALLÓ við Honda CR-V, besta 4x4 bíl ársins samkvæmt Total 4x4 Magazine, besta jeppann - jepplinginn á Íslandi í Bíll ársins keppninni, áreiðanlegasta bílaframleiðandann samkvæmt What Car og Warranty Direct, 8 árið í röð og konung stóra 4x4 fjölskyldubílaþrófs Car Magazine.

WWW.HONDA.IS/CR-V



Umboðsaðilar:

Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800
Bilver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu margir eru lögbundnir frí-dagar hér á landi?
2. Hvað heitir nýr formaður Lands-sambands smábátæigenda?
3. Hvaða íslenski fótboltamaður er á leiðinni til reynslu til skoska liðsins Celtic?

SVÖR:
Órn Kjartansson.
1. Tólf. 2. Halldór Ármannsson. 3. Vidar

Rauði krossinn á Íslandi styrkir baráttu gegn kynlífsánað og þrælahaldi í Hvíta-Rússlandi:

Hundruðum hefur verið hjálpað úr ánað

HJÁLPARSTARF Rauði krossinn á Íslandi hefur með stuðningi utanríkisráðuneytisins styrkt baráttu gegn þrælahaldi í Hvíta-Rússlandi með fjárhagsaðstoð og ráðgjöf undanfarin þrjú ár. Talið er að fórnarlömb mansals þar séu nú yfir 1.000 á ári.

„Þetta er mjög dapurlegt. Það hversu algengt þetta er sýnir manni hversu aðstæðurnar eru bágar þarna,“ segir Nína Helgadóttir, verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum, sem er nýlega komin

frá Vitebsk í Hvíta-Rússlandi þar sem Rauði krossinn ætlar að takast á við ný verkefni.

„Þar hefur 250 manns tekist að komast úr ánað. Þetta er fólk sem var í kynlífsánað auk barna sem kynlífsmyndir hafa verið teknar af. Fjöldi hefur einnig verið gabbður í þrælavinnu til Rússlands. Talið er að þetta séu aðeins tíu prósent af raunverulegum fjölda.“

Um eitt þúsund sjálfboðaliðar tóku þátt í verkefninu sem Rauði

krossinn á Íslandi hefur að undanfögnu styrkt í Gomel. „Þar fengu 128 fórnarlömb ánaðar félagslegan, sálfræðilegan og lagalegan stuðning við að koma undir sig fótunum aftur. Við höfum reynt að fá fólk til sjálft til að gerast talsmenn út á við til að vara við þessu en það hefur ekki tekist þar sem þessu fylgir mikil skömm. Það hefur varla tekist að fá það til að taka þátt í sjálfs-hjálparhópum,“ greinir Nína frá.

- ibs



Í HVÍTA-RÚSSLANDI Sjálfboðaliði Rauða krossins fræðir jafnaldrá sína um hættur mansals. MYND: RAUÐI KROSSINN

Þarf að bæta ímynd ÖBÍ segir formaður

Ellen J. Calmon, nýkjörin formaður Öryrkjabandalags Íslands, vill þetta hóp aðildarfélag bandalagsins og breyta baráttuáferðum. Nærri 9% þjóðarinnar tilheyrir bandalaginu og huga þarf að því hve stóran og ólíkan hóp er um að ræða.

FÉLAGSMÁL „Við vitum að ímynd ÖBÍ hefur bedið hnekki og það nýtur ekki þeirrar virðingar og hefur ekki þann sess sem það á að hafa í samfélaginu,“ segir Ellen J. Calmon, sem var kjörin formaður Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) á aðalfundi bandalagsins síðastliðinn laugardag.

Á fundinum bættust þrjú félög við bandalagið svo nú eru alls 37 félög innan þess og hátt í 9% Íslendinga eru í aðildarfélögum bandalagsins.

„Ég tel nauðsynlegt að vinna í þessum ímyndarmálum og að við fáum almenningur með okkur. Við viljum að almenningur sé meðvitaðri um þennan stóra hóp sem er innan bandalagsins. Þetta eru mörg ólík félög með ólíkar þarfir. Innan bandalagsins eru meðal annars öryrkjar, fatlaðir, sjúkir og aðstandendur.“

Ellen segist fyrst og fremst standa fyrir meiri samræðu og samvinnu sem formaður og telur að formaður ÖBÍ eigi að stuðla að samvinnu aðildarféлага og vera leiðandi út á við.

„Ég tel mjög mikilvægt að ÖBÍ öðlist aftur þann sess og þá virðingu í samfélaginu sem það hefur áður haft,“ segir Ellen. Meðal baráttumála sem hún setur á oddinn eru samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, aðgengismál, og þá ekki síst varðandi aðgengi að upplýsingatækni, flutningur málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaganna og málefni heilbrigðisþjónustunnar. „Þar hefur þjónustustigið lækkað á síðustu



FJÖLGAR Í ÖBÍ Nú eru 37 aðildarfélög að bandalaginu. MYND/MARGRÉT ÖGN RAFNSDÓTTIR



„Ég tel mjög mikilvægt að ÖBÍ öðlist aftur þann sess og þá virðingu í samfélaginu sem það hefur áður haft.“

Ellen J. Calmon,
formaður Öryrkjabandalags Íslands

árum og aukinn kostnaður leggst þungt á okkar félag,“ segir Ellen.

Hún vill auka samstarf við atvinnulíf í því skyni að minnka fordóma og gera fótluðum og sjúkum kleift að stunda vinnu sína. Til þess þurfa atvinnurekendur að koma til móts við þá. Að auki vill Ellen standa fyrir breyttum baráttuáferðum. „Ég sagði í ræðu

minni á aðalfundinum að ef þú öskraðir í hvert sinn sem þú opnar munninn þá hættir fólk að hlusta. Þetta er ekki bara spurning um ályktanir og mótmæli, heldur líka samvinnu.“

Verkefni Ellenar er gríðarstórt. „Mitt fyrsta verk verður að hitta formenn og framkvæmdastjóra hvers félags og heyrja hvernig hjartað slær. Þá er spurning hvernig ÖBÍ getur stutt við félögin. Ekki endilega með beinum fjárútlátum heldur stutt við þau svo þau fái að blómstra sjálf.“

Ellen vann nauma kosningu um formannssætið en hún fékk 50 atkvæði, Guðmundur Magnússon fráfarandi formaður fékk 46 atkvæði og tvö atkvæði voru auð. „Ég þarf að sannfæra fólk um ég sé verðugur málsvari og þetta er sigur sem ber að fara mjög vel með,“ segir Ellen.

samuel@frettabladid.is

LÍFSINS GANGA MEÐ ADHD

ADHD 25 ÁR SAMTAKA

Ráðstefna á Grand hótel
25. og 26. október 2013

ADHD OG HVAÐ SVO?

LAUSNAMÍÐUÐ RÁÐSTEFNA FYRIR FAGAÐILA, FORELDRA OG EINSTAKLINGA

SKRÁÐU ÞIG NÚNA á heimasíðu ADHD samtakanna www.adhd.is

MATVÍS

boðar til almennra félagsfunda Reykjavík þriðjudaginn 22. október á Stórhöfða 31 1. hæð kl. 16.30 og á Akureyri á Hótel KEA miðvikudaginn 23. október kl. 16.00

Dagskrá

1. Kjaramál
2. Önnur mál

LIEBHERR
Quality, Design and Innovation

25% afsláttur
Kæli- og frystiskápar

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Vissir þú að...
holl og góðfæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Hraunavinir ekki af baki dottnir og halda áfram varðstöðu í Gálgahrauni

Á annað hundrað á útkallslista

UMHVERFISMÁL „Hraunavinir ætla að halda áfram varðstöðu í Gálgahrauni,“ segir Skúli Bjarnason, lögmaður náttúrverndarsamtakanna. Hann segir að Vegagerðin hafi tilkynnt Hraunavinum á fundi að hún myndi hefja framkvæmdir í Gálgahrauni og því hafi menn ákveðið að hafa fólk á vakt í hrauninu.

Héraðsdómur Reykjaness hafnaði beiðni náttúrverndarsamtakanna um að leitað skyldi ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins vegna framkvæmda í Gálgahrauni en samtökin telja sig hafa lögvarinna hagsmuna að gæta vegna lagningar Álfanesvegur um Gálgahraun.

Úrskurðinum var vísað til Hæstaréttar og er niðurstöðu hans bedið. Skúli segir að hugur sé í mönnum. Á útkallslista Hraunavina séu á annað hundrað manns. Fólk sem sé tilbúið að verja hraunið.

„Ég á eftir að sjá að innanríkis-



Á VERÐI Hraunavinir ætla að halda áfram varðstöðu í Gálgahrauni til að koma í veg fyrir lagningu Álfanesvegur um Gálgahraun. FRÉTTABLAÐIÐ /GVA

ráðherra, sem er yfirmaður Vegagerðarinnar og jafnframt dómsmálaráðherra, fari að siga lögreglunni á fólk á meðan lögbannsmálið er enn óútkljáð,“ segir Skúli.

- jme

„Hraunavinir ætla að halda áfram varðstöðu í Gálgahrauni

Skúli Bjarnason,
lögmaður Hraunavina

AMERÍSKIR EFTIRRÉTTIR



AMERICAN PIE

Epla-, Bláberja-, Kirsuberja- og Graskersbökur



WILD HARVEST LÍFRÆNAR VÖFFLUR

Bláberjavöfflur og Heilhveiti- og Hörfrævöfflur



SARA LEE

Key Lime og Original Ostakökur

You can't have a pie without "Kúvip"



NÝTT



M&M's
Fáránlega gott



Terra Grænmetis Snakk
Delicious and all natural gourmet snack



Cheerios og Kix
Auðvitað Cheerios með kanil



Jolly Rancher og Lifesavers
Til að smjatta á!

Gildir til 27. október á meðan birgðir endast.



Quaker Haframjöl
Til að byrja daginn á



Minute Maid & Kool-Aid
Fær þig til að brosa



Ocean Sprey Cranberry
Hressandi trönuberjadrykkur - 4 saman í pakka



Now
Úrval af lágkolvetna matvöru frá Now

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Hauskúpa kollvarpar kenningum

Kenningar um fjölda tegunda fornanna standa völtum fótum eftir að heilleg hauskúpa sem fannst í Georgíu sýndi fram á mikinn mun á mönnum sömu tegundar. Áfall fyrir suma fræðimenn, segir mannfræðingur. Stendur ekki undir svona stórum fullyrðingum, segir annar.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



FRÉTTASKÝRING

Létu mannfræðingur fjölbreytileika á meðal forföðra nútímamannsins blekkja sig?

Stór beinafundur í Georgíu hefur hleypt sérfræðingum í fornum manntegundum í fullkomið uppnám. Langlífar kenningar mannfræðinga um að nokkrar ólíkar tegundir fornanna hafi þrífist á jörðinni fyrir um tveimur milljónum ára sæta nú harðri gagnrýni.

Rannsóknir á beinunum sem fundust í Dmanisi í Georgíu benda til þess að bein sem vísindamenn hafa eignað mismunandi tegundum hafi öll tilheyrt sömu tegund fornanna, forföður nútímamannsins. Munur á beinunum virðist einfaldlega dæmi um fjölbreytileika innan tegundarinnar.

Hingað til hefur það verið viðurkennt staðreynd að fornmen af tegundunum Homo habilis, Homo rudolfensis, Homo gautengensis, Homo ergaster og Homo erectus hafi verið uppi fyrir um 1,8 milljónum ára, allar á sama tíma. Í nýrri grein í vísindaritinu Science hafnar hópur vísindamanna þeirri túlkun á beinafundum. Þeir telja hauskúpurnar allar tilheyra mönnum af tegundinni Homo erectus.

Afar heilleg hauskúpa sem fannst nýverið í Dmanisi í Georgíu varð til

þess að hópur vísindamanna fór að velta fyrir sér fjölbreytileika innan tegunda. Hauskúpan var ólík fimm öðrum sem fundist hafa í Dmanisi. Mun minna rými var fyrir heilann, stærri tennur og lengra andlit.

Allir sex fornmenirnir eru taldir hafa dáið á nokkur hundruð ára tímabili við vatnsból sem dró ekki bara að sér fornmen heldur einnig rándýr á borð við sverðketti.

„Það hefur aldrei áður fundist svona vel varðveitt hauskúpa frá þessu tímabili,“ segir Christoph Zollikofer, prófessor við Mannfræðistofnun Zürich-háskóla í Sviss, við breska vefmiðilinn Guardian. Flestar hauskúpur fornanna sem fundist hafa eru í molum og hafa vísindamenn þurft að púsla þeim saman.

Þessi einkennilega hauskúpa varð til þess að mannfræðingarnir fóru að rannsaka fjölbreytileika meðal nútímamanna og í simpösum. Niðurstaða þeirra var sú að þótt hauskúpurnar sex frá Dmanisi væru að mörgu leyti ólíkar væri munurinn á þeim ekki meiri en sá sem finnst á meðal bæði manna og simpansa.

Því næst báru vísindamennirnir hauskúpurnar sex saman við aðrar hauskúpur frá svipuðum tíma. Þeirra niðurstaða var afdráttarlaus. Munurinn á því sem talið hefur verið að séu mismunandi tegundir er svipaður eða minni en munurinn á hauskúpum nútímamannsins.

„Allir fornmen sem voru uppi á sama tíma og sexmenningarnir frá Dmanisi voru trúlega af tegundinni

● Hluti fræðimanna á þessu sviði mun taka þessu fagnandi en fyrir aðra verður þetta talsvert áfall.

Christoph Zollikofer, prófessor við Mannfræðistofnun Zürich-háskóla

Homo erectus,“ segir Zollikofer við Guardian. „Með því erum við ekki að segja að mannfræðingar hafi gert mistök þegar þeir skoðuðu beinin á sínum tíma, þeir höfðu einfaldlega ekki þær upplýsingar sem við höfum í dag.“

Zollikofer segist átta sig á því að þessi kenning hans og kollega hans muni ekki falla í kramið hjá öllum. „Hluti fræðimanna á þessu sviði mun taka þessu fagnandi en fyrir aðra verður þetta talsvert áfall.“

„Ef menn hefðu fundið hauskúpurnar sex frá Dmanisi á sex mismunandi stöðum í Afríku hefðu þær líklega verið eignaðar nokkrum mismunandi tegundum. En allur þessi fjölbreytileiki rúmast innan einnar tegundar,“ segir David Lordkipanidze, sérfræðingur Þjóðminjasafns Georgíu, sem stýrir uppgreftinum í Dmanisi.

Ekki eru allir mannfræðingar sem sérhæfa sig í fornmennum sannfærðir. „Þetta er ótrúlega mikilvægur fundur en ég tel ekki að gögnin sem þeir eru með standi undir svona stórum fullyrðingum,“ segir Lee Berger, prófessor við Witwatersrand-háskóla í Suður-Afríku.



HEILLEG HAUSKÚPA David Lordkipanidze, sérfræðingur Þjóðminjasafns Georgíu, sýnir heillega hauskúpu fornmanns sem var uppi fyrir um 1,8 milljónum ára.

NORDICPHOTOS/AFP

Fyrstur til að nota verkfæri og elda mat

Sexmenningarnir frá Dmanisi í Georgíu tilheyra fornmennum af tegundinni Homo erectus. Nafnið þýðir „hinn upprétti maður“.

Tegundin kom fyrst fram í Afríku fyrir um 1,8 milljónum ára og dreifðist víða þar til fyrir um 150 þúsund árum. Beinagrindur af þessari tegund fornanna hafa fundist

víða í Afríku, á Indlandi, Kína, Jövu og Englandi.

Fornmen af tegundinni Homo erectus voru frekar líkir nútímamanninum. Þeir gengu uppréttir og voru um 180 sentimetrar á hæð. Talið er að Homo erectus hafi verið fyrsta tegundin sem notaði verkfæri, beislaði eld og eldaði mat.

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

500 ÞÚS. KR. KAUPAUKI FYLGIR QASHQAI



NISSAN QASHQAI DÍSil 4WD VERÐ FRÁ 4.990 ÞÚS. KR.

Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

Qashqai eyðir einungis frá 4,6 l/100 km

Qashqai 1,6 dCi beinsk.
Verð: 4.990 þús. kr.


Qashqai+2 1,6 dCi beinsk. 7 manna
Verð: 5.390 þús. kr.

Qashqai 2,0 bensín, sjálfsk.
Verð: 5.790 þús. kr.

Qashqai 2,0 dCi sjálfsk.
Verð: 6.090 þús. kr.

KAUPAUKI AÐ ANDVIRÐI 500 ÞÚS. KR.

- Vetrardekk
- Dráttarbeisli
- iPad 32 GB



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



TILBOÐSDAGAR Í LYFJUM & HEILSU

20% AFSLÁTTUR AF EUCERIN VÖRUM



Viltu hreina og ferska húð?

Eucerin DermatoCLEAN hreinsilínan hreinsar og lætur húð þína sannanlega anda betur.



Viltu endurnýja húðina?

Eucerin DermodENSIFYER eykur teygjanleika og þéttleika og hraðar endurnýjunarferli húðarinnar.



Viltu draga úr húðblettum?

Eucerin EVEN BRIGHTER minnkar húðbletti þar sem upptökin eru.



Færðu bólur?

Eucerin DermoPURIFYER berst gegn bólum og feitri húð á fjóra vegu.



Viltu heilbrigðara hár?

Eucerin DermoCapillaire hárvörurnar takast á við erfiðustu vandamálin í hári og hársverði.



Róar og verndar!

Eucerin Aquaphor er alhliða græðandi krem sem mýkir og verndar þurra, sára og sprungna húð.



Vantar húðinni raka?

Eucerin AQUAporin andlitskremen veita húðinni enn meiri raka.



Ertu þurr?

Eucerin sturtuolían gerir kraftaverk fyrir þurra húð.

Landsbyggðin

Glerártorg Akureyri
Hrísalundur Akureyri
Dalvík

Keflavík
Selfoss
Hveragerði
Þorlákshöfn
Hella
Hvolsvöllur
Vestmannaeyjar

Höfuðborgar- svæðið

Kringlan
Austurver
JL-húsið
Domus Medica
Glæsibær
Eiðistorg
Hamraborg
Fjörður



Ertu með viðkvæmar hendur?

Eucerin fljótandi handsápan er góð fyrir þurrar hendur.

Eucerin®

GILDIR FRÁ
21. OKTÓBER. - 11. NÓVEMBER

 Lyf & heilsa
Við hlustum!

Eignastýring MP banka

ÁSKORUNUM FYLGJA TÆKIFÆRI



Áskoranir á mörkuðum hafa sjaldan verið meiri en nú. Tækifærin sem þeim fylgja geta verið dýrmæt. Njóttu ráðgjafar sérfræðinga við mat á fjárfestingarkostum og nýttu tækifærin á verðbréfamarkaði með eignastýringu MP banka. Þjónusta okkar er sniðin að þörfum viðskiptavina og við bjóðum fjölbreytt úrval fjárfestingarleiða til að ná ávöxtunarmarkmiðum hvers og eins.

Kynntu þér framúrskarandi þjónustu sérfræðinga eignastýringar MP banka og fáðu kynningarfund.

Nánari upplýsingar um fjárfestingarleiðir og verðskrá á www.mp.is eða í síma 540 3230.

www.mp.is

Hafðu samband
einkabankathjónusta@mp.is

mpbanki

HEIMURINN



Neyðarástand vegna elda

1 ÁSTRALÍA Búið er að lýsa yfir neyðarástandi í ríkinu Nýja Suður Wales í Austur-Ástralíu, þar sem slökkviliðsmenn berjast við gífurlegan fjölda gróðurelda sem þegar hafa eyðilaggt hundruð heimila og meira en 109 þúsund hektarar hafa brunnið. Talið er að aðstæður muni versna enn frekar á næstu dögum vegna hás hitastigs og sterkra vinda og hefur ástandið ekki verið svona slæmt í 40 ár. Varað er við því að á næstu dögum geti nokkrir eldar vaxið gífurlega og jafnvel ógnað Sydney.

Fjöldi manns ferst í bílasprengju

2 SÝRLAND Að minnsta kosti 30 manns létust í bílasprengju í útjaðri borgarinnar Hama í Sýrlandi. Ríkisrekin fréttastofa í landinu segir að bíl, hlöðnum meira en tonni af sprengiefnum, hafi verið ekið upp að eftirlitsstöð á fjölförnum vegi þar sem bíllinn var sprengdur. Í sprengingunni sprakk eldsneytisflutningabíll og olli það frekari skemmdum og mannfalli. Árásin var framin af samþökunum al-Nusra Front sem eru tengd al-Qaeda og var henni beint gegn hermönnum ríkisstjórnar Sýrlands en flestir sem féllu voru óbreyttir borgarar.

Mubarak aftur fyrir rétti

3 EGYPTALAND Réttarhöldin yfir Hosni Mubarak, fyrrverandi forseta Egyptalands, hafa verið tekin upp aftur fyrir luktum dyrum. Mubarak, sem stjórnaði Egyptalandi í 30 ár, er kærður fyrir að hafa valdið dauða hundruð mótælenda árið 2011 þegar hann féll frá völdum. Mubarak, sem er 85 ára gamall, var sakfelldur á síðasta ári fyrir sömu sakir, en hann áfrýjaði dómnum og ákveðið var að málið færi aftur fyrir dóm. Hann hefur verið í haldi frá því skömmu eftir að hann féll frá völdum og síðustu mánuði hefur hann verið í stofufangelsi. Eftirmaður Mubaraks, Mohamed Morsi, mun einnig fara fyrir dóm eftir tvær vikur, þar sem hann er ákærður fyrir að hafa valdið dauða mótælenda skömmu áður en honum var komið frá völdum.

Sjóræningjar handsamaðir

4 SÓMALÍA Hópur Sómalía, sem grunaðir eru um árásir á skip í Indlandshafi, hefur verið handsamaður af alþjóðlegri sveit sem vinnur gegn sjóránum á stóru hafsvæði við austurströnd Afríku. Mennirnir nýu voru handsamaðir eftir að þeir höfðu ráðist á olúflutningaskip og spænskt fiskiskip. Skip frá Bretlandi og Hollandi tóku þátt í aðgerðinni, auk flugvéla frá Lúxemborg.



NEYÐ
Hundruð heimila hafa eyðilagst í gróðureldum í Austur-Ástralíu, og er óttast að eldarnir gætu ógnað Sydney á næstu dögum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.volkswagen.is



Volkswagen Amarok

Fágaður og fullur af orku

Volkswagen Amarok sameinar kosti lúxusjeppa og pallbíls og býður upp á mikla notkunarmöguleika fyrir fjölbreyttan lífsstíl. Amarok fæst nú með 2.0 TDI 180 hestafla dísilvél með 8 gíra sjálfskiptingu og 3.200 kg dráttargetu.

Eyðsla frá 7,6 lítrar/100km.*

Amarok Double Cab 2.0 TDI
180 hestöfl kostar frá
7.590.000 kr.
(6.047.809 kr. án vsk)

*Miðað við blandaðan akstur á sjálfskiptum/beinskíptum Volkswagen Amarok Startline Double Cab 2.0 TDI, 180 hó.



Atvinnubílar

Komdu í reynsluakstur

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Nú klárum við haustið!

Kanarí & Tenerife

á ótrúlegu verði

frá aðeins kr.

119.900 í 16 nætur



Kanarí

23. október	2 sæti laus
29. október	3 sæti laus
19. nóvember	laus sæti
3. desember	laus sæti

Verð frá kr. 119.900 í 16 nætur
Roque Nublo 3. des. í 16 nætur

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi. Sértilboð 3. desember í 16 nætur.

Tenerife

23. október	örfá sæti laus
30. október	uppselt
20. nóvember	örfá sæti laus
3. desember	örfá sæti laus

Verð frá kr. 145.700 í 16 nætur
Parque Santiago 3. des. í 16 nætur

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi. Sértilboð 3. desember í 16 nætur.



Hvað vildi Samorka?


Gústav Adolf Níelsson, framkvæmdastjóri Samorku, kvartar undan því í Fréttablaðsgrein 17. október að ekki hafi farið mikið fyrir samráði við gerð og afgreiðslu náttúruverndarlaganna sem núverandi umhverfisráðherra ætla nú að „afturkalla“. Vissulega hafi verið tekið við athugasemdum á ýmsum stigum vinnunnar og hlustað á gagnrýni – en síðan þegar til átti að taka hafi ekkert verið gert með sjónarmið aðila á borð við sjálfa Samorku.

NÁTTÚRU-VERND



Möður Árnason
fv. alþingismaður

um að sérstaka vernd ákveðinna vistkerfa og jarðminja – svo sem eldhrauna, hvera, votlendis, fossa – hefur reynst haldlítill. Þessari grein var því breytt með nýju lögum. Í stað þess orðalags í gömlu lögum sem dró tennurnar úr lagagreininni, að röskun þessara náttúrufrýrbæra skuli forðast „eins og kostur er“, kemur ákvæði um að þeim verði ekki raskað „nema brýna nauðsyn beri til og aðrir kostir séu ekki fyrir hendi“.



FRAMTÍÐIN Í UPPLÝSINGATÆKNI FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

FAGRÁÐSTEFNA Í HÖRPU

Þriðjudaginn 22. október kl. 13:00 til 16:30

RB hefur sett saman gífurlega áhugaverða og spennandi ráðstefnu um það hvernig upplýsingatækni mun umbreyta tækniuppbyggingu fjármálageirans og þau hagræðingartækifæri sem í henni felast. Þá verður fjallað um nýsköpun og hvernig hugmyndir komast í framkvæmd og verða að veruleika.

Fyrirlesarar ráðstefnunnar eru:



Frans Johansson
forstjóri
The Medici Group,
þekktur rithöfundur,
frumkvöðull
og fyrirlesari



Lene Weldum
CTO
hjá BankData



Steinþór Pálsson
bankastjóri
Landsbankans



Þorsteinn Björnsson
framkvæmdastjóri
Viðskiptaþróunar
og ráðgjafar hjá RB



Friðrik Þór Snorrason
forstjóri RB



Ráðstefnustjóri
Sigríður Olgeirsdóttir
framkvæmdastjóri
Rekstrar- og
upplýsingatækni- og
viðskipta- og
viðskipta- og
viðskipta- og
viðskipta- og

The Click Moment: Seizing Opportunity in an Unpredictable World

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar, Frans Johansson, er heimsþekktur rithöfundur, frumkvöðull og fyrirlesari.

Hann er höfundur metsölubókanna *The Medici Effect* (2006) og *The Click Moment* (2012).

Bækurnar fjalla um hvernig góðar hugmyndir verða að veruleika og hvernig hægt er að virkja mikilvæg augnablik til árangurs.

Skráning og nánari upplýsingar á www.rb.is



REIKNISTOFA
BANKANNA

Varúðarreglan

Í annarri þeirra lagðist Samorka gegn meginreglum umhverfisráðherra, sérstaklega varúðarreglunni svokölluðu þar sem segir að náttúran eigi að njóta vafans: Þegar hætta er á alvarlegum spjöllum má ekki beita þekkingarskortum sem afsökun fyrir því að láta vaða. Þeir sem um frumvarpið véluðu við frumvarpsgerðina og á þinginu kusu að taka ekki mark á Samorku að þessu leyti en taka í staðinn mark á Ríosamningnum um líffræðilega fjölbreytni frá 1992, EES-samningnum og OSPAR-samningnum um Atlantshafið norðaustanvert og lífríki þess, þar sem alls staðar er vísað til þessarar alþjóðlega viðurkenndu meginreglu.

Samorka er greinilega ósátt við þetta. Merkir það að Gústav Adolf, Landsvirkjun, Rarik og Orkuveita Reykjavíkur vilji hafa þetta öfugt – að þau geti ráðist í hvaða framkvæmd sem er ef ekki hefur verið sýnt fram á með 100% vissu að hún skaði náttúruna til ólífis – svo sem ef það er hægt að finna einn fræðimann sem efast? Til dæmis á skrifstofum Samorku, Landsvirkjunar, OR og Rariks?

Sérstaka verndin

Greinin í lögum frá 1999 um

FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar



PETTA GERÐIST 21. OKTÓBER 1967

Stórt smyglmál var upplýst

Pennan dag árið 1967 var stórt smyglmál upplýst á Íslandi. Hópur Íslendinga smyglaði um 11 þúsund flöskum af áfengi til landsins.

Fimm Íslendingar höfðu tekið bátinn Ásmund GK30 á leigu til tveggja mánaða, undir því yfirskið að róa til fiskjar við Suðvesturland. Sjóferðin þótti ekki grunsamleg, þar til tollgæslunni bárust upplýsingar um að báturinn Þorleifur

Rögvaldsson hefði tekið mikið magn áfengis í erlendri höfn. Þá biðu menn tollgæslunnar í ýmsum höfnum landsins til að hafa gætur á bátum. Þegar hann kom til Hafnarfjarðar undir nafninu Ásmundur voru fimmmenningarnir handteknir. Þar fannst töluvert magn af sigarettum og áfengi. Langstærstur hluti varningsins fannst þó í skipsflaki við bryggju í Elliðaárdvöng.

Styrkir til rannsókna á krabbameini

Göngum saman veitti nýlega sex vísindakonum styrki til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini.

Átta milljónum króna var nýlega úthlutað til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini hér á landi. Það var styrktarfélagið Göngum saman sem veitti þá. Félagið hefur þar með úthlutað alls rúmum 40 milljónum króna til slíkra rannsókna frá stofnun félagsins fyrir sex árum.

Styrkurinn skiptist á milli sex kvenna, þeirra Önnu Marzelliusardóttur, Birnu Þorvaldsdóttur og Eddu Sigríðar Freysteinsdóttur sem allar eru meistaranemar við Háskóla Íslands. Einnig Ingu Reynisdóttur, forstöðumanns Rannsóknarstofu í meinafræði við Landspítala, Laufeyjar Tryggvadóttur, klínísks prófessors við Háskóla Íslands og framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár og Sigríðar Þóru Reynisdóttur, doktorsnema við Háskóla Íslands.

Göngum saman byggir starf sitt á þátttöku almennings og styrkveitingin í ár byggir að mestu leyti á frjálsum framlögum einstaklinga sem hafa lagt hafa sitt af mörkum með þátttöku í styrktargöngum, Reykjavíkumaráðuneytinu og kaupum á söluvarningi félagsins. Einnig hafa ýmis félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar lagt málefnið lið.



STYRKPEGAR Sigríður Þóra, Kristín Alexíusardóttir (fyrir hönd Laufeyjar), Edda Sigríður, Birna, Anna og Inga.

Radíó mamma sextug

Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri á Sögu, er sextug í dag. Hún kveðst hafa fæðst í fornöld og eiga svo fjölbreyttan feril að hún velti fyrir sér hvort hún sé kannski 160 ára.

„Þegar ég lít til baka finnst mér ég hafa kynnst svo mörgu að ég velti fyrir mér hvort ég sé ekki 160 ára,“ segir Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri á Útvarpi Sögu sem fagnar sextugsafmæli sínu í dag með vinum og vandamönnum. Hún á tvö börn, dóttur sem lærir sálfræði og son í námi í kvikmyndagerð úti í París.

Arnþrúður er fædd í Flatey á Skjálfa- anda og átti heima þar til átta ára aldurs. „Ég segi stundum að ég sé síðasti móhíkaninn, því ég var með þeim síðustu sem fluttu úr eyrni. Þegar ég kom þangað fyrir nokkrum árum brá mér gríðarlega þegar ég sá hvað allt var smátt sem áður hafði virst stórt.“

Hún segir að búsetuskilyrðin hafi verið erfið í Flatey. „Ég er yngst af átta systkinum svo heimilið var stórt og þar voru ekki þau þægindi sem fólk býr við í dag eins og vatn í krana og rafmagn. Þannig að ég er fædd í fornöld.“

Á Húsavík bjó Arnþrúður í nokkur ár. Þar stundaði hún íþróttir og var 15 ára valin í unglingslandslíðið í handbolta. Í kjölfar þess flutti hún suður, fór í Kvennaskólann og spilaði með gullaldarliði Fram þar til hún gekk í kvennalandsliðið sem hún lék með á fimmta tug leikja. Stjórnarseta í HSÍ og formennska í landsliðsnefnd er líka á ferilskránni.

Arnþrúður var meðal fyrstu kvenna sem gengu til liðs við lögregluna eftir nám í Lögregluskóla ríkisins. „Fyrst fór ég í götulögguna en fljótlega að vinna í fíkniefnadeildinni og eftir það var ég varðstjóri í umferðarslysa- eild. Þá var ég 23 ára og það var gríðarmikið að takast á við, því þetta var 18 manna deild. Síðan var ég skipuð rannsóknarlögregluáður. Þá vorum við tvær konur þar, ég og Dóra Hlín Ingólfsdóttir.“

Samhliða því að vera rannsóknarlögregluáður stundaði Arnþrúður kvöldnám í Öldungadeild MH í fjögur ár og einn daginn kveðst hún hafa ákveðið að taka þátt í bæjarstjórnarkosningum fyrir Framsókn í Hafnarfirði. „Ég vissi ekki fyrr en ég vaknaði upp sem bæjarfulltrúi,“ rifjar hún upp.

Seinni tónsmíðin hljómaði öllu efnilegri í byrjun. Tölvuunnið þrúsk úr hátölurum og framandi víóluhljómar sköpuðu skemmtilega áferð. En svo gerðist ekki neitt. Tónlistin leið áfram í sífellu endurtekingu. Útkoman var jafnvel enn langdregnari en verkið á undan, ótrúlegt en satt. Engin úrvinnsla eða spennandi framvinna; ekkert - því miður. Jónas Sen

NIÐURSTADA: Tónleikarnir byrjuðu vel, en svo seig á ógæfuhliðina. Sumar hugmyndirnar voru góðar, en það var ekki nógu vel unnið úr þeim.

FORD Á ÍSLANDI
100 ÁRA AFMÆLI
1913 - 2013

AFMÆLISPAKKI AÐ VERÐMÆTI 520.000 KR. FYLGIR FORD KUGA Í OKTÓBER

Komdu núna og kynntu þér 100 ára afmælistilboð Ford. Gerðu líf þitt þægilegra með Ford Kuga. Skynvætt fjórhjóladrif er staðalbúnaður ásamt Ford SYNC samskiptakerfinu. Með raddstýringu getur þú hringt og beðið um óskalög. Í neyð hringir kerfið sjálfkrafa eftir aðstoð. Ford Kuga er svo snjall að í raun er hann snjallleppi. Komdu og prófaðu.

FORD KUGA
MEÐ DÍSLVÉL FRÁ
5.790.000 KR.
MEÐ BENSÍNVÉL FRÁ
6.190.000 KR.



ford.is



Brimborg Reykjavík
Bildshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Ný og notaðir bílar: Söluöldi eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bildshöfða 6: Varahlutaverkun og verkstæðismottaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Bara einn söngvari sló í gegn

ÓPERA ★★★★★

Carmen eftir Georges Bizet í uppfærslu Íslensku óperunnar

LEIKSTJÓRI: JAMIE HAYES. HLJÓM-SVEITARSTJÓRI: GUÐMUNDUR ÓLI GUNNARSSON. FRUMSÝNING Í ELD-BORG, HÖRPU 19. OKTÓBER.

Óperan Carmen eftir Georges Bizet olli mikilli hneykslun þegar hún var frumsýnd árið 1875. Aðalpersónan er ekki einhver göfug kona með tæringu, heldur portkona sem gerir virðulegan heldri mann brjáláðan af girnd. Óperan kolféll, en eftir því sem tímar liðu vann tónlistin á. Nú er Carmen afar vinsæl, enda er tónmálið fjölbreytt, fullt af grípandi laglínunum og skreytt skemmtilegum dansrytmum. Þetta er líka hálfgerð grínópera, þótt hún verði að drama í lokin.

Kraftur og ástríða eru megin-einkenni Carmen. Hvorugt var áberandi á frumsýningu Íslensku óperunnar á laugardagskvöldið. Sumar karlradirnar bárust ekki vel og ollu vonbrigðum. Ég hlakkaði til að heyra hinn flotta Hrólfr Sæmundsson í nautabanaáriunni, en hún missti gersamlega marks. Hljómsveitin yfirgnæfði Hrólfr illilega, útkoman var flatneskjuleg og alls ekki eins og hún átti að vera.

Carmen sjálf, Hanna Dóra Sturludóttir, sem einnig hefur oft slegið í gegn á tónleikum hér og erlendis, var ekki heldur góð. Árínar hennar voru svo þunglamalegar og hægar að undrun sætti. Sú fyrsta t.d. var ekki svipur hjá

sjón. Undirspil aríunnar er dans sem á að draga athygli áhorfandans að líkama Carmenar, dans er jú list líkamans. Kynþokki Carmenar er s.s. byggður inn í sjálfa tónlistina. Túlkunin verður því að vera full af ákefð, hún á að vera eggjandi. Þannig var upplifunin ekki af Hönnu Dóru á sýningunni. Þvert á móti hafði maður enga samúð með henni, ekki einu sinni í lokin.

Andstæða Carmenar er hin dyggðuga Michaela. Undirleikurinn við söng hennar byggist á brotnum, hörpukenndum hljómunum, en harpan er hið hefðbundna hljóðfæri englanna. Michaela er þannig gerð að engli með músikinni. Hallveig Rúnarsdóttir var í hlutverki hennar, og hún var eini söngvari sýningarinnar sem sló í gegn. Söngurinn var í fyrstu viðkvæmur og brothættur eins og vera bar. En svo fór Hallveig hamföllum síðar í óperunni, frammi-staða hennar var sérlega glæsileg, söngurinn magnaður og ástríðuþrunginn.

Kolbeinn Jón Ketilsson var í hlutverki Don José, sem er dreginn á talar af Carmen. Kolbeinn hefur vissulega fallega rödd, en það vantaði kraft í túlkunina. Sumt virkaði auk þess eins og hlutverkið væri, raddlega séð, of hátt fyrir hann.

Sá karlsöngvari sem eitthvað sópaði að var Bjarni Thor Kristinsson. Hann hefur magnaða sviðsnærveru, og röddin hljómaði vel. Þær Valgerður Guðnadóttir og Lilja Guðmundsdóttir voru líka flottar í minni hlutverkum. Ég minnst þess ekki að hafa heyrt í Lilju áður, en hún er auðheyrilega rísandi söngkona sem vert er að



HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR Hanna og meðsöngvarar hennar ollu vonbrigðum. „Þessi uppfærsla á Carmen verður seint talin með þeim bestu hjá Íslensku óperunni,“ er niðurstaða gagnrýnanda Fréttablaðsins.

fylgjast með.

Kórinn stóð sig yfirleitt ágætlega. Stundum var hljómsveit og kór ekki alveg samtaka, og nokkur kóratriði, eins og t.d. söngurinn rétt fyrir nautatíð, var býsna loðinn og ónákvæmur. En kórinn stal oft senunni af einsöngvurunum – ástríðan og sönggleðin var a.m.k. fyrir hendi. Barnakórinn var auk þess frábær.

Jamie Hayes leikstýrði uppfærslunni, sá hinn sami og var við stjórnvöllinn í hinni vel heppnuðu La Bohème fyrir nokkru síðan. Ágætis flæði var líka í leiknum

nú, þótt fæstir söngvaranna séu merkilegir leikarar. En margt á sviðinu var augnayndi, kóreógráfía James E. Martin og Láru Stefánsdóttur var t.d. afslöppuð og fín. Leikmynd og búningar voru líka fallegir. Það var fyrst og fremst tónlistin sjálf sem sjaldnast skilaði sér.

Maður veltir því fyrir sér hvort æfingar hefðu ekki þurft að vera fleiri. Guðmundur Óli Gunnarsson var titlaður hljómsveitarstjóri, en hann gerði auðvitað meira en það. Eða hvað? Vann hann nægilega vel með söngvurunum? Er það eðli-

legt að kórinn steli senunni af einsöngvurunum hvað eftir annað? Víst er að liggja hefði mátt yfir smáatriðum, blæbrigðum, samhljómi og slíku. Það hafði greinilega ekki verið gert, og því vantaði dýpt í túlkunina. Heildarútkoman var máttlaus og ekki fullnægjandi.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Einsöngurinn var ójafn, túlkunin oft þunglamaleg, styrkleikajafnvægi hljómsveitar og söngvara stundum slæmt. Þessi uppfærsla á Carmen verður seint talin með þeim bestu hjá Íslensku óperunni.



1 árs afmæli Litlu dótubúðarinnar

VIKU BRJÁLÆÐI 21.10 - 26.10

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM

NÝTT

BARNAFATNAÐUR Á BETRI VERÐUM

Úlpur - Bolir - Peysur - Sokkar - Peysukjolar
Leggings - Náttföt - Náttjolar - Jogging gallar



Verðdæmi

Stuttermabolir 1390,-kr
Spiderman, Hello Kitty, Angry birds, monster high og fl.

Dóru sokkar 199,-kr
Starwars sokkar 199,-kr
Jogging gallar 3900,-kr
Spiderman, Cars, Hello Kitty
Hello Kitty náttkjolar 1890,-kr

NÝTT

20%



Ninja Karlar 3 gerðir
2099,-kr **1679,-kr**



Flottur pakki 3 gerðir
2990,-kr **2392,-kr**



Læknasett
1990,-kr **1592,-kr**

NÝTT VISA KORTATÍMABIL HEFST 22.10

20%



Ótrúleg verð á kvenmannstöskum
Sjón er sögu ríkari

Nú er rétti tíminn til að kaupa jólagjafirnar



Finnið okkur á  **facebook**

LITLA DÓTABÚÐIN
Álfabakka 12 (göngugötunni í Mjódd)
Sími: ☎ 571 9559

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

GRÁVITY

KONAN Í BÚRINU

BATTLE OF THE YEAR

MÁLMAUS

Hross í oss

SMÁRABÍÓ	LAUGARASBÍÓ	HÁSKÓLABÍÓ
KONAN Í BÚRINU KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	KONAN Í BÚRINU KL. 5.45 - 8 - 10.15	KONAN Í BÚRINU KL. 5.45 - 8 - 10.15
KONAN Í BÚRINU LÚXUS KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	GRAVITY 3D KL. 9 - 10.15	GRAVITY 3D KL. 9 - 10.15
BATTLE OF THE YEAR KL. 5.40 - 8 - 10.30	MÁLMAUS KL. 5.45 - 8	MÁLMAUS KL. 5.45 - 8
MÁLMAUS KL. 5.45 - 8 - 10.15	LA VIE D'ADELE KL. 5.30	LA VIE D'ADELE KL. 5.30
TÚRBÓ 2D ISLTAL KL. 3.30 - 5.40	BLUE JASMIN KL. 10	BLUE JASMIN KL. 10
TÚRBÓ 3D ISLTAL KL. 3.30	HRÖSS Í OSS KL. 6 - 8	HRÖSS Í OSS KL. 6 - 8
ABOUT TIME KL. 8	BORGARBÍÓ	
RUNNER RUNNER KL. 10.40	KONAN Í BÚRINU KL. 6 - 8	KONAN Í BÚRINU KL. 6 - 8
AULINN ÉG 2 2D KL. 3.30 - 5.45	MÁLMAUS KL. 6 - 10	MÁLMAUS KL. 6 - 10
	BATTLE OF THE YEAR KL. 8 - 10	BATTLE OF THE YEAR KL. 8 - 10

Midasala á: [midi.is](#) og [Miði](#)

www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

Miðasala og nánnari upplýsingar

LAUGARASBÍÓ **Sýningartímar**

KONAN Í BÚRINU	8, 10:20
BATTLE OF THE YEAR	10:20
MÁLMAUS	5:50
ABOUT TIME	10
DESPICABLE ME 2 - ENS	6 2D

SAMBÍÓLINN

98% ROTTEN TOMATOES

GRAVITY

RUSH

PRISONERS

DON JON

RUSH

PRISONERS

THE BUTLER

AKUREYRI

PRISONERS

ASKA

MUD

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

Jæja Sigmundur Davíð

BAKANKAR ÉG birti þér bréf fyrir tveimur vikum og enn hefur mér ekki borist svar. Ég veit ekki hversu duglegir aðstoðarmenn þínir eru að sýna þér Fréttablaðið eða faxes það allar þessar sjómflur í snekkjuna þína í Karabíska hafinu, eða hvort nóg sé af blöðum í faxtækinu til að prenta út allar mikilvægu fyrirspurnirnar sem þér berast sennilega í nýju vinnunni þinni - ég vona það allavega.



Til öryggis hef ég sent afrit af bréfunum á karabísku fréttablöðin Bermuda Gazette og Barbados Nation.

ÉG veit vel að pennavinir eru eflaust ekki jafn ofarlega á forgangslista ríkisstjórnarinnar og hjá barnablaði Morgunblaðsins en ég viðurkenni samt að ég er smá sár. Ég skil voða fátt sem þú hefur ákveðið og afturkallað nýlega en til að geta tekið þátt í samfélagslegri uppbyggingu hjálpar að skilja hana. Við erum, eins og ég sagði þér í síðasta bréfi, mjög ólík, eins og sitt hvor fóturinn á sama búk og einlægt samtál á opnum vettvangi myndi hjálpa okkur að láta þetta ganga. Þá hljóta ímynda-sérfræðingar þínir, þeir sem sjá

til þess að þú sért smart á alþjóðlegum fundum og bóka fyrir þig spontant utanlandsferðir, að geta bent þér á hvað það er gott fyrir almenningsálitið að eiga í opinberri vináttu við almúgakonu.

ÉG hef líka litið í eigin barm og hugsað hvort ég hafi óvart sagt eitthvað vitlaust eða særandi. Það eina sem ég hnaut um er að ég líkti mögulegri vináttu okkar við samband aðalpersónanna í Clueless sem er kannski of ónákvæm líking. Við erum auðvitað miklu frekar eins og Rose og Jack í Titanic. Þú veist; fátæki listamaðurinn, fyrsta farrýmisskvisan, þjóðarskútan og allt það.

SENDU mér endilega póstkort og segðu mér frá ferðalaginu. Sjálf fór ég einu sinni á trillu sem mágur minn á. Við sigldum til Viðeyjar og strönduðum í fjörinni og þurftum að bíða í sex tíma eftir næsta flóði. Á þessum sex tímum lærði ég að fleyta kellingar. Ég vona að þú nýtir tímann líka vel og eins og Hjálparsvetitn myndi syngja það: Gleymdu ekki þínum minnsta bróður - þó höf og álfur skilji að.

P.S. Safnar þú límmiðum?

Barnastjörnur klæddust Chanel

Olsen-systurnar segja hönnunaráhugann hafa kviknað þegar þær léku sem börn í þáttunum Full House. Í þáttunum klæddust þær til dæmis fötum frá Chanel.

Tvívurastjörnur Mary-Kate og Ashley Olsen byrjuðu að leika í bandarísku sjónvarpsþáttunum Full House aðeins nýu mánaða gamlar en þær léku dótturina Michelle Tanner þangað til þær voru nýu ára. Í dag eru systurnar 27 ára og reka glæsilegt tískufyrirtæki með eigin tiskulínu sem ber nafnið The Row.

„Við fórum stundum í mátun sex klukkutíma í senn þrisvar í viku vegna þess að við þurftum að vera í tólf mismunandi dressum,“ sagði Ashley í viðtali við Net-a-porter fyrir stuttu. Samkvæmt Olsen-systrunum var stór hluti af fataskápunum þeirra í Full House-þáttunum byggður upp af lúxushönnunarflikum eftir Chanel eða Marc Jacobs sem voru sniðnar til að passa á stúlkurnar.

„Við vorum snemma farnar að hanna fötin okkar sjálfar því við vorum svo smágerðar. Við urðum hugfangnar af sniðagerð og nú hefur þessi þráhyggja orðið okkar starf,“ sagði Mary-Kate í viðtalinu en systurnar byrjuðu með sitt eigið merki, The Row, árið 2006. „Við sáum að það var pláss á markaðnum fyrir hægæða klassískar og einfaldar flikur,“ útskýrði Ashley, en lúxusmerkið þeirra selur bóli fyrir 31 þúsund krónur.

„Ef þú ert í Chanel-jacka og vilt vera í flík sem fellur vel að merkinu án þess að taka alla athyglina uppfyllir The Row þá þörf.“

Í viðtalinu ræddu þær einnig um frægðarljómann en í upphafi höfðu þær ákveðið að ráða aðra manneskju til að vera andlit merkisins til að fá næði frá fjölmiðlum. „Við vorum aðeins nýu mánaða þegar við byrjuðum í þáttunum svo að frægð hefur alltaf verið hluti af okkar lífi,“ útskýrði Ashley að lokum.

marinmanta@frettabladid.is



ALLTAF VERIÐ FRÆGAR Systurnar Mary-Kate og Ashley Olsen klæddust hátísku-fötum þegar þær léku í sjónvarpsþáttunum Full House. NORDICPHOTOS/GETTY

BIÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

ASKA 18.00

MUD 17.30 | 20.00 | 22.30

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á [WWW.BIOPARADIS.IS](#) - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

ACADEMY AWARD® NOMINEE
**HUGH
JACKMAN**

ACADEMY AWARD® NOMINEE
**JAKE
GYLLENHAAL**

ACADEMY AWARD® NOMINEE
**VIOLA
DAVIS**

GOLDEN GLOBE® NOMINEE
**MARIA
BELLO**

ACADEMY AWARD® NOMINEE
**TERRENCE
HOWARD**

WITH
ACADEMY AWARD® WINNER
**MELISSA
LEO**

AND
**PAUL
DANO**

„BESTA SPENNUMYND ÁRSINS“



PRISONERS

**MAGNAÐUR
ÞRILLER**



„Besta spennumynd ársins.“

S.G.S. - Mbl.



The Hollywood Reporter



Entertainment Weekly



Jobio.com

100/100

MÖGNUM TÓNLIST EFTIR
JÓHANN JÓHANNSSON

Variety

SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL

KOMIN Í BÍÓ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA
Á SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN

Elías Már er og verður leikmaður Hauka

Elías Már Halldórsson var ekki með Haukum í Ólís-deild karla síðastliðinn fimmtudag. Hann var fjarverandi af persónulegum ástæðum og um leið fóru þær sögusagnir á kreik að leikmaðurinn væri á leiðinni frá Haukum.

„Við ræddum við Elías Má um helgina og þetta mál er alveg frágengið,“ segir Þorgeir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar Hauka.

Elías var ekki með Haukum í Evrópuleiknum gegn Benfica í gær. Haukar töpuðu leiknum 34-22 og féllu því úr leik í 2. umferð EHF-bikarsins. Leikurinn í gær fór fram að Ásvöllum en liðið tapaði fyrri leiknum með fimmtán marka mun.

„Ástæðan fyrir fjarveru Elíasar var persónuleg hjá leikmanninum en við hjá félaginu höfum aðstoðað hann og hann er og verður áfram leikmaður Hauka.“

- SÁP



Arsenal á toppnum í ensku deildinni

FÓTBOLTI Arsenal heldur áfram að spila stórkostlega í ensku úrvalsdeildinni en liðið vann Norwich örugglega 4-1 á Emirates-vellinum á laugardag.

Nýjasti leikmaður Arsenal, Mesut Özil, hélt uppteknum hætti og skoraði tvö mörk í leiknum. Ungu strákarnir Jack Wilshere og Aaron Ramsey skoruðu sitthvort markið fyrir skytturarn í leiknum. Arsenal hefur ekki tapað leik í sjö leikjum eða síðan þeir biðu ósigur gegn Aston Villa í fyrstu umferð. Arsenal trónir á toppi deildarinnar með 19 stig.


Það gengur hvorki né rekur hjá

nýjum knattspyrnustjóra Manchester United, stuðningsmönnum til mikilla óánægju. David Moyes og lið hans Manchester United gerði 1-1 jafntefli við Southampton á heimavelli á laugardag. Manchester United er í 8. sæti deildarinnar með 11 stig.

Aron Einar Gunnarsson og félagar í Cardiff áttu fá svör við öflugum liði Chelsea á Stamford Bridge um helgina. Chelsea sigraði Velska liðið 4-1.

Gylfi Sigurðsson var á sínum stað í byrjunarliði Tottenham þegar þeir mættu Aston Villa í gær en Tottenham vann leikinn 2-0.

- 55



MAGNADUR Mesut Özil hefur verið frábær með Arsenal. NORDICPHOTOS/GETTY

Stjarnan losar sig við Nasir

KÖRFUBOLTI Stjarnan hefur farið illa af stað í upphafi Dominos-deildarinnar.

Félagið hefur sagt upp samningi sínum við Nasir Robinson. Nasir lék því aðeins tvo leiki í deildinni með liðinu og skoraði að meðaltali 16 stig og tók 8 fráköst.

- 55



FARINN Nasir Robinson spilaði aðeins tvo leiki með Stjórnumni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SJÓÐHEITUR Framherjinn Aron Jóhannsson er að finna taktinn hjá hollensku úrvalsdeildarliðinu AZ Alkmaar en leikmaðurinn skoraði tvö mörk með liðinu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Long Repair

Sjampó og hárnæring

Inniheldur Babassu olíu sem styrkir og nærir hárið, fljótandi keratín sem gefur mikla mykt og kemur í veg fyrir að endar klovni.



speedo

**VÖRULISTINN
HAUST/VETUR 2013
ER KOMINN ÚT**

**FLETTU HONUM
Á WWW.SPEEDO.IS**

Draumur fyrir framherja

Aron Jóhannsson átti draumaleik fyrir AZ Alkmaar í hollensku úrvalsdeildinni í gær en leikmaðurinn skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í 3-1 sigri á Cambuur. Aron telur hollensku úrvalsdeildina þá bestu til að taka svokallað milliskref.

FÓTBOLTI Aron Jóhannsson, leikmaður AZ Alkmaar, fór á kostum í hollensku úrvalsdeildinni í gær en leikmaðurinn skoraði tvö mörk og lagði annað upp í 3-1 sigri á Cambuur. Jóhann Berg Guðmundsson var í byrjunarliði AZ í leiknum en var tekinn af velli tíu mínútum fyrir leikslok.

„Maður getur kannski ekki verið beint óánægður með tvö mörk, eina stoðsendingu og þrjú stig eftir leik,“ segir Aron Jóhannsson en hann gekk í raðir hollenska liðsins í janúar á þessu ári og samdi við félagið til ársins 2017, en hann var áður á mála hjá AGF í Danmörku.

„Það hefur gengið þokkalega hjá mér í deildinni á tímabilinu en maður er ennþá nokkuð á eftir Alfred [Finnbogasyni],“ segir Aron en Alfred Finnbogason, leikmaður Heerenveen, hefur verið óstöðvandi í deildinni á þessu tímabili og skorað ellefu mörk.

Gott að taka milliskrefið hér

„Þessi dvöl mín hér í Hollandi hefur verið alveg frábær og mér líður gríðarlega vel hér hjá AZ. Hollenska deildin er að mínu mati besta deildin til að taka þetta milliskref áður en maður reynir fyrir sér á meðal þeirra allra bestu. Hér spila flestöll lið mik-

inn sóknarbolta og leggja leikinn upp með að spila boltanum mikið og í þeim aðstæðum nær maður að blómstra. Fyrir framherja er algjör draumur að vera í þessari deild.“

AZ Alkmaar er í áttunda sæti hollensku úrvalsdeildarinnar með 16 stig.

Önnur lið sýndu áhuga

„Það er gríðarlegur áhugi á fótboltanum hér í Hollandi og fullt á flestalla velli í hverri viku, sama hvort Ajax er að koma í heimsókn eða eitthvað annað minna lið. Ég er virkilega sáttur með þá ákvörðun mína að færa mig yfir til Hollands frá Danmörku. Ég hafði möguleika á því að fara í önnur stærri lið sem eru í betri deildum en ég vil fyrst og fremst spila. Það er ekkert alltaf best að vera með feitan tékka en sitja alla leiki á bekknum, þá bæta menn sig ekki mikið sem knattspyrnumenn. Það er betra þegar maður er

ungur að taka þetta millistig og sætta sig kannski við lægri laun.“

Aron vill einbeita sér að hollensku deildinni í dag og tekur einn leik í einu hjá AZ Alkmaar en vissulega er draumurinn að spila síðar í ensku úrvalsdeildinni eða deild af þeirri stærðargráðu. En með hvaða liði heldur Aron í ensku deildinni?

„Ég vil helst ekki svara því, það getur komið í bakið á manni síðar,“ segir Aron á léttum nótum.

Aron Jóhannsson skoraði sitt fyrsta mark fyrir bandaríska landsliðið gegn Panama í undankeppni HM síðastliðin þriðjudag en hann hefur leikið fjóra landsleiki fyrir Bandaríkin.

Aron Jóhannsson hefur tvöfaldan ríkisborgararétt og valdi í sumar að leika fyrir Bandaríkin í stað þess að spila fyrir íslenska landsliðið. Bandaríkjamenn hafa tryggt sér sæti á heimsmeistarátönnu í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu næstkomandi sumar.

stefanp@frettabladid.is





30% afsláttur

Nýtt kjötfars
545 kr./kg
~~779~~ kr./kg



NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig



20% afsláttur

Ungnautagúllas
2158 kr./kg
~~2698~~ kr./kg



20% afsláttur

Sóma pizzur með nautahakki og pepperoni
698 kr./stk.
~~869~~ kr./stk.



Ferskir í fiski

Fiskbollur
998 kr./kg
~~1298~~ kr./kg



15% afsláttur

Ferskir í fiski

Ýsa í raspi
1598 kr./kg
~~1889~~ kr./kg

23% afsláttur

Góð tilboð!

Gildir frá 21. – 24. október



19% afsláttur

Skólajógurt m/ ferskjum, 150 g
89 kr./stk.
~~110~~ kr./stk.



Hollt&Gott gröft grænmeti
489 kr./pk.
~~569~~ kr./pk.



Appelsínur
259 kr./kg
~~358~~ kr./kg



Plómur
429 kr./kg
~~499~~ kr./kg



Mjólka sýrður rjómi, 10%
179 kr./stk.
~~196~~ kr./stk.



2 fyrir 1

Mylu Maltbrauð, 7 sneiðar



Jacob's pítubrauð, gróf/fin, 6 stk.
229 kr./pk.
~~255~~ kr./pk.



Hámark próteindrykkur, 250 ml
198 kr./stk.
~~208~~ kr./stk.

Opið til miðnættis alla daga

8·24

NÓATÚN



STADFASUR Jürgen Klopp lætur ekki kaupa sig. NORDICPHOTOS/GETTY

Peningar eru ekki allt

FÓTBOLTI Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Borussia Dortmund, afþakkaði starf á Englandi þegar það bauðst fyrir tímabilið. Bæði Chelsea og Manchester City höfðu áhuga á Klopp eftir frábæran árangur Dortmund, en liðið komst í úrslit meistardeildarinnar á síðasta tímabili.

Hinn 46 ára stjóri sagði í viðtali við The Sun að þetta væri ef til vill skrytið fyrir þá sem hugsa eingöngu um að þjálfra stærri klúbba.

„Sjálfsgætt fengi ég hærri laun ef ég þjálfði á Englandi, Kína eða Rússlandi. En peningar eru ekki eina málið. Peningar eru auðvitað mikilvægir. Ég er ekki Mahatma Gandhi,“ sagði Klopp og glotti við tönn og bætti við: „Ég er ánægður hérna.“

Jose Mourinho var ráðinn knattspyrnustjóri hjá Chelsea í sumar og þá var Manuel Pellegrini fenginn í stjórnstólinn hjá Manchester City.

Jürgen Klopp verður ekki með liðinu þegar það tekur á móti Arsenal á Emirates-vellinum í meistardeildinni á þriðjudag. Klopp tekur út bann eftir að hafa þjálast út í fjórða dómaramann í leiknum gegn Marseille fyrr í haust.



ÓSÁTTIR Forráðamenn Hoffenheim ætla að kæra úrslitin. NORDICPHOTOS/GETTY

Hoffenheim vill annan leik

FÓTBOLTI Alexander Rosen, yfirmaður íþróttamála hjá þýska knattspyrnuliðinu Hoffenheim, var alveg þrjálaður eftir leik liðsins við Bayern Leverkusen í þýsku úrvalsdeildinni á föstudagskvöld en liðið tapaði leiknum 2-1.

Stefan Kiessling, leikmaður Hoffenheim, skoraði kolólöglegt mark þegar hann skallaði boltann í gegnum gat á hliðarneti markans og þaðan inn í markið.

Felix Brych, dómari leiksins, tók ekki eftir gallanum á neti markans og dæmdi því löglegt mark.

Nú vilja forráðamenn Hoffenheim hreinlega að leikurinn verði endurtekinn. Hoffenheim mun fara fram á það að leikurinn verði spilaður aftur og úrslitin dæmd ógild. Forráðamenn félagsins munu leita réttar síns og kæra eflaust úrslit leiksins til þýska knattspyrnusambandsins.

- sáþ

Alltaf sömu lögmál í fótbolta

Sigurður Ragnar Eyjólfsson tók við liði ÍBV um helgina en hann hefur aldrei áður stýrt karlaliði. Sigurður hætti að þjálfva kvennalandsliðið í sumar eftir að hafa þjálfað liðið í sex ár. Eyjamenn eru efnilegir að mati Sigurðar en hann vill samt sem áður styrkja hópinn.

FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson var ráðinn þjálfari karlaliðs ÍBV um helgina og hann mun stjórna liðinu næstu þrjú ár. Sigurður stýrði kvennaliði Íslands frá árinu 2007 fram yfir Evrópumótið í sumar, þar sem hann kom liðinu í 8-liða úrslit keppinnar.

Sigurður náði því besta árangri í sögu kvennalandsliðsins í sumar og kom liðinu í tvígang á stórmót á þeim sex árum sem hann var með liðið. Núna hefur hann tekið skref í aðra átt og mun stýra karlaliði á næsta tímabili.

„Mér líst bara rosalega vel á þetta og ég er mjög spenntur fyrir þessari áskorun á mínum þjálfaraferli,“ segir Sigurður Ragnar en hann tekur við liðinu af Hermanni Hreiðarssyni sem hætti í ÍBV á dögunum, en hann hafði aðeins þjálfað liðið í eitt tímabil. Hermann hætti af persónulegum ástæðum og var ráðinn til framtíðar á sínum tíma.

„Þetta er rétti tímamunkturinn fyrir mig að færa mig yfir í félagslið og fá þá að vera með liðið á hverjum degi. Það er allt annað að vera með landslið og félagslið og núna get ég verið meira í sambandi við mína leikmenn. Þegar maður er með landslið þá hittir þú kannski leikmenn í fjóra daga og síðan ekki aftur fyrir en eftir tvo til þrjá mánuði og því verður þetta skemmtileg breyting fyrir mig.“

Sigurður Ragnar hefur að undanförunu starfað sem fræðslufulltrúi Knattspyrnusambands Íslands en hann lætur nú af störfum hjá sambandinu.

„Núna eru jafnframt mínar skyldur meiri og ábyrgð mín á líkamlegu atgervi leikmanna er mun meiri þegar ég er með liðið allt árið um kring. Þetta er samt sem áður breyting til hins betra og það verður frábært að geta unnið með leikmönnum reglulega.“

Purfum að styrkja hópinn

Eyjamenn höfnuðu í sjötta sæti Pepsi-deildarinnar á síðustu leiktíð og liðið lék oft á tíðum nokkuð vel þrátt fyrir nokkuð þunnskipaðan hóp.

„Það er á dagskránni að styrkja hópinn á réttum stöðum. Það er frábær efniviður hjá ÍBV eins og



SPENNANDI TÍMAR Óskar Örn Ólafsson, formaður knattspyrnudeildar ÍBV, býður hér Sigurð Ragnar Eyjólfsson vekominn til starfa. Þjálfarinn er spenntur fyrir þeirri áskorun að þjálfva karlalið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

staðan er í dag en engu að síður viljum við styrkja okkur og komast lengra með liðið á næsta tímabili. Það er allt til alls hjá þessu félagi og góður grunnur til að byggja á. Það spilaði mikið inn í mína ákvörðun að taka við liðinu.“

Sigurður vann síðast með karlaliði í upphafi ferilsins þegar hann þjálfaði í yngri flokkum KR fyrir um áratug síðan. Hann hætti með kvennalandsliðið eftir Evrópumótið í Svíþjóð og þótti

kominn tími til að snúa sér að öðru.

„Ég var síðast með litla gutta hjá KR og vissulega verður þetta nokkuð frábrugðið því að vera með kvennalið. Það gilda alltaf sömu lögmál í fótbolta og því margt mjög svipað en leikurinn er til að mynda mun hraðari karlamegin. og líkamlegur styrkur þeirra töluvert meiri en kvennamegin.“

Þjálfarinn var inni í myndinni um stöðu landsliðsþjálfara enska

kvennalandsliðsins en Hope Powell var sagt upp störfum fyrir skömmu eftir að hafa stýrt enska liðinu í 15 ár. Sigurður dró umsókn sína um starfið til baka og ákvað þá að taka við liði ÍBV.

„Það var kominn tími á að ég myndi stíga til hliðar með landsliðinu og taka að mér annað verk efni. Ég er virkilega sáttur með þessa ákvörðun mína og tilhlökkunin er mikil að hefjast handa í Vestmannaeyjum.“

stefanp@frettabladid.is

Katrín endaði ferilinn á sigri með Umeå

Katrín Jónsdóttir lék í gær sinn síðasta knattspyrnuleik á ferlinum þegar Umeå bar sigur úr býtum gegn Íslendingaliðinu Kristianstad. Katrín spilaði allan leikinn og kvaddi liðið á góðum nótum.

FÓTBOLTI Katrín Jónsdóttir, leikmaður Umeå, lagði skóna formlega á hilluna í gær þegar hún lék sinn síðasta leik fyrir Umeå í lokaumferð sænsku úrvalsdeildarinnar.

Umeå bar sigur úr býtum gegn Kristianstad, 3-1, og Katrín lék allan leikinn en þær Sif Atladóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir komu báðar við sögu í liði Kristianstad sem er undir stjórn Elísabetar Gunnarsdóttur. Margrét Lára skoraði 13 mörk í sænsku úrvalsdeildinni í sumar og átti ágætt tímabil en Kristianstad hafnaði í níunda sæti deildarinnar. Umeå hafnaði í fimmta sæti en Malmö varð sænskur meistari.

Þóra Helgadóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir urðu meistara á dögunum með Malmö en liðið gerði 1-1 jafntefli við Mallbacken í lokaumferðinni í gær. Sara Björk lék allan leikinn en Þóra fékk hvíld í leiknum og var varamarkvörður liðsins milli stanganna. Malmö náði í 55 stig í deildinni og hafnaði sjö stigum

fyrir ofan Tyresö sem hafnaði í öðru sæti.

Katrín Jónsdóttir á að baki magnaðan feril sem knattspyrnakona en hún er landsleikjahæsti leikmaður landsliðsins í sögunni. Varnarmaðurinn hefur spilað 133 sinnum í íslenska landsliðsbúningnum.

Á ferli sínum spilaði Katrín með Breiðabliki, Stjórnumni og Val hér á landi. Hún var fyrirliði Vals í fimm ár, þegar liðið safnaði titlum.

Leikmaðurinn reyndi einnig fyrir sér erlendis í atvinnu-mennsku og lék þá með norska liðinu Kolbotn, sænska liðinu Djurgården og nú síðast með Umeå.

Nú hefur Katrín lagt skóna endanlega á hilluna og lækni-fræðin tekur alfarið við en þessi magnaði leikmaður er menntaður lækni.

- sáþ

HÆTT Katrín Jónsdóttir lék sinn síðasta knattspyrnuleik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Númer 1 í Þýskalandi

**LIQUI
MOLY**



Liqui Moly hefur verið valið í fjórum sjálfstæðum könnunum í Þýskalandi, besta vörumerkið í olíuvörum fyrir bíla.

Nútíma vélar þurfa bestu smur- og hreinsiefnin til þess hámarka nýtinguna á eldsneytinu og lágmarka mengandi útblástur samkvæmt ríkjandi mengunarstöðlum.

Liqui Moly sérhæfir sig í efnavörum fyrir bíla og framleiðir öll smurefni samkvæmt stöðlum bílaframleiðenda.

Notaðu Liqui Moly efnavörur og þú hámarkar virkni vélarinnar en lágmarkar eyðsluna.

Er ekki kominn tími til að nota Liqui Moly á bílinn þinn?

Auto Bild DIE BESTEN
MARKEN
IN ALLEN KLASSEN

LESERWAHL
BEST BRAND
2013
KATEGORIE
Schmierstoffe
**auto
motor
sport**

LESERWAHL
BEST BRAND
2013
KATEGORIE
Schmierstoffe
**Motor
Klassik**

Auto
ZEITUNG
TOP
MARKE
2012

MADE IN
GERMANY
**LIQUI
MOLY**

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Stöð 3 kl. 20.45 Í eldhúsinu hennar Evu

Glæsilegir matreiðsluþættir þar sem matgæðingurinn Eva Laufey Kjaram Hermannsdóttir deilir með áhorfendum uppskriftum og aðferðum við að galdra fram dýrindis mat.



Í KVÖLD



Nautnafíkn – Ópíum

SJÓNVARPIÐ KL. 20.05 Heimildamyndaflokkur frá BBC. Leikarinn Brian Cox rekur sögu sykurs, ópíums, tóbaks og vísks og segir frá því hvernig fólk um allan heim varð háð þessum efnum. Í þessum þætti kynnir hann sér upphaf og sögu ópíumfíknar.



Kitchen Nightmares

SKJÁR EINN KL. 20.20 Flestum er meinilla við matreiðslumanninn Gordon Ramsey enda með dónalegri mönnum. Það breytir því ekki að hann er einn besti kokkur veraldar og veit hvað þarf til að reka góðan veitingastað.



Stóru málin

STÖÐ 2 KL. 19.20 Vandaðir og áhuga-verðir þættir þar sem fjallað verður á beinskreyttan hátt um stóru málin í pólitíkinni á borð við skuldastöðu heimilanna, atvinnumál, skattamál og fleiri mikilvæg málefni. Lóa Pind Aldisardóttir rýnir í þjóðarmálin og fer yfir þau á mannamáli.

Bylgjan kl. 16.00 Reykjavík síðdegis

Porgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur með því sem þú hefur að segja eða vilt koma á framfæri.



Kjörorð Blindrafélagsins og Blindravinnustofunnar er:

Stuðningur til sjálfstæðis!

Hjá Blindravinnustofunni starfa um 30 blindir eða sjónskertir einstaklingar, margir með viðbótarfatlanir. Með kaupum á vörum Blindravinnustofunnar styður þú við atvinnuþátttöku þeirra.



Gerum hreint og styðjum um leið blinda og sjónskerta

Fjölbreytt úrval hreinsíklúta



Gerum hreint og styðjum um leið blinda og sjónskerta

Fjölbreytt úrval, góðar vörur



Blindravinnustofan
Stuðningur til sjálfstæðis

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Malcolm in the Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Gossip Girl
- 11.00 I Hate My Teenage Daughter
- 11.20 New Girl
- 11.45 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Perfect Couples
- 13.25 So You think You Can Dance
- 15.15 ET Weekend
- 16.00 Villingarnir
- 16.25 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Stóru málin
- 19.40 The Big Bang Theory (14:24)
- 20.05 Um land allt Kristján Már heim- sækir Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri og skoðar gamla þúfnabana, traktora og sveitajappa með Bjarna Guðmundssyni safnstjóra.
- 20.25 Nashville (17:21)
- 21.10 Hostages (4:15)
- 21.55 The Americans (5:13)
- 22.40 The Untold History of The United States (9:10) Stórbrotin heimildar- þáttaröð frá Oliver Stone þar sem varpað er nýju ljósi á stórvörðunir í sögu Bandaríkjanna.
- 01.05 Modern Family
- 01.25 Anger Management
- 01.50 How I Met Your Mother
- 02.15 Orange is the New Black
- 03.15 Episodes
- 03.45 Le Prix Du Chacal

SPORT besta sætið

- 16.45 Þýski handboltinn 2013/2014 Út- sending frá leik Gummersbach og Flens- burgar í þýska handboltanum.
- 18.05 Sportsjallið Skemmtilegur þáttur í umsjón íþróttafréttamanna 365.
- 18.50 Real Madrid - Malaga
- 20.30 Spænsku mörkin
- 21.00 Osasuna - Barcelona
- 22.40 Bubba Watson á heimaslóðum Skemmtilegur golfþáttur þar sem sjón- varpsmaðurinn David Feherty heimsækir Bubba Watson og tekur við hann einlæggt viðtal.
- 23.25 Meistaradeild Evrópu. CSKA Moscow - Pizen

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Aston Villa - Tottenham
- 15.30 Arsenal - Norwich
- 17.10 West Ham - Man. City
- 18.50 Crystal Palace - Fulham Bein út- sending
- 21.00 Messan
- 22.10 Football League Show
- 22.40 Crystal Palace - Fulham
- 00.20 Messan

INN

20.00 Frumkvöðlar 20.30 Evrópumál 21.00 Eldhús meistaranna 21.30 Áfram Vogur!

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

- 17.10 School Pride
- 17.55 Hart of Dixie
- 18.40 Neighbours from Hell
- 19.00 Celebrity Apprentice (7:11)
- 20.25 It's Love, Actually (7:10)
- 20.45 Í eldhúsinu hennar Evu (1:8)
- 21.50 Mindy Project (7:24)
- 22.15 Graceland (7:13) Spennandi þátta- röð um ungan nýliða í bandarísku alríkis- lögreglu sem er sendur til starfa í sól- inni í Kaliforníu.
- 22.55 Pretty Little Liars (6:24) Þrjú þáttaröðin af þessum dramatísku þát- tum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bókum saman til að geta varðveitt skelfi- legt leyndarmál.
- 23.35 Nikita (6:23)
- 00.20 Justified (6:13)
- 01.00 Celebrity Apprentice
- 02.25 It's Love, Actually
- 02.50 Í eldhúsinu hennar Evu
- 03.55 Mindy Project
- 04.15 Graceland
- 05.00 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

- 07.00 Dóra könnuður 07.23 Svampur Sveinsson 07.45 Dóddi litli og Eyrnastór 07.59 Áfram Diego, áfram! 08.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 08.45 Latibær 08.59 Strumparnir 09.24 Ævintýri Tinna 09.46 Skoppa og Skríttla 09.59 Lukku láki 10.23 Ofurhundurinn Krypto 10.44 UKI 10.49 Hvellur keppnis- bíll 11.00 Dóra könnuður 11.23 Svampur Sveinsson 11.45 Dóddi litli og Eyrnastór 11.59 Áfram Diego, áfram! 12.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 12.45 Latibær 12.59 Strumparnir 13.24 Ævintýri Tinna 13.46 Skoppa og Skríttla 13.59 Lukku láki 14.23 Ofurhundurinn Krypto 14.44 UKI 14.49 Hvellur keppnis- bíll 15.00 Dóra könnuður 15.23 Svampur Sveinsson 15.45 Dóddi litli og Eyrnastór 15.59 Áfram Diego, áfram! 16.23 Mörgæsinar frá Madagaskar 16.45 Latibær 16.59 Strumparnir 17.24 Ævintýri Tinna 17.46 Skoppa og Skríttla 17.59 Lukku láki 18.23 Ofurhundurinn Krypto 18.44 UKI 18.49 Hvellur keppnisbíll 19.00 Abrafax og sjóræningjarnir 20.20 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.50 Seinfeld
- 19.15 Modern Family
- 19.40 Two and a Half Men (8:16)
- 20.05 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Eldsnöggt með Jóa Fel (7:10)
- 20.55 Ally McBeal (5:23)
- 21.40 Without a Trace (10:23)
- 22.25 Nikolaj og Julie (5:22)
- 23.10 Anna Phil (5:10)
- 23.55 Sjálfstætt fólk
- 00.25 Eldsnöggt með Jóa Fel
- 00.50 Ally McBeal
- 01.35 Without a Trace
- 02.20 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 12.00 African Cats
- 13.30 The Descendants
- 15.25 Shut Up and Sing
- 16.55 African Cats
- 18.25 The Descendants
- 20.20 Shut Up and Sing
- 22.00 Water for Elephants
- 00.00 The Expendables
- 01.40 Game of Death
- 03.15 Water for Elephants

RÚV

- 12.00 Dregið í umspil (Dregið í umspil fyrir HM 2014) Bein útsending frá drætti í umspilsleikina um sæti í úrslitum HM í fótbolta í Brasilíu næsta sumar. Hér kemur í ljós hvaða mótherja Íslenska liðið fær í leikjunum tveimur sem verða 15. og 19. nóvember.
- 16.40 Landinn
- 17.10 Froskur og vinir hans
- 17.17 Töfrannötturinn
- 17.30 Grettir
- 17.42 Engilbert ræður
- 17.50 Skoltur skipstjóri
- 18.05 Táknálfréttir
- 18.15 Fólkíð í blokkinni
- 18.45 Íþróttir
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Nautnafíkn – Ópíum (2:4) (Addic- ted to Pleasure) Heimildamyndaflokkur frá BBC.
- 20.55 Brúin (5:10) (Broen II)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Viðtalið (Angel Gurría, forstjóri OECD) Bogi Ágústsson ræðir við Angel Gurría, forstjóra OECD.
- 22.45 Saga kvikmyndanna – Bíóíð verður til, 1900-1920 (1:15) (The Story of Film. An Odyssey) Heimildamyndaflokkur um sögu kvikmyndanna frá því seint á níjtjándu öld til okkar daga.
- 23.45 Listamaðurinn (L'Artiste)
- 01.20 Kastljós
- 01.45 Fréttir
- 01.55 Dagskrárlok

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 15.55 Secret Street Crew
- 16.45 Top Gear
- 17.40 Dr. Phil
- 18.20 Judging Amy
- 19.05 Happy Endings (8:22)
- 19.30 Cheers (24:26)
- 19.55 Rules of Engagement (10:13)
- 20.20 Kitchen Nightmares (11:17)
- 21.10 Rookie Blue (11:13)
- 22.00 CSI. New York (7:17)
- 22.50 CSI (5:23) Endursýningar frá upp- hafi á þessum mögnuðu þáttum þar sem Grissom fer fyrir harðsýruðum hópi rann- sóknarmanna í Vegas.
- 23.35 Law & Order. Special Victims Unit (8:23)
- 00.20 Rookie Blue
- 01.10 Ray Donovan
- 02.00 The Walking Dead
- 02.50 Unforgettable
- 03.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 Eurosport 08.10 Golfing World 09.00 Children's Miracle Classic 2013 12.00 Golfing World 12.50 Children's Miracle Classic 2013 15.50 Children's Miracle Classic 2013 18.00 Golfing World 18.50 Children's Miracle Classic 2013 22.00 Golfing World 22.50 Champions Tour - Highlights 00.00 Eurosport

FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 102,2 Útv. Latibær FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 100,5 Kaninn

FM 102,2 Útv. Latibær FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

„MIG VERKJAR Í ANDLITID OG MAGANN EFTIR
ALLAN HLÁTURINN OG SVEI MÉR ÞÁ
EF AD ÉG RISPADI EKKI Á MÉR HÁLSINN
Í ÖSKUR GUSUNUM!“

HRÖNN GUÐMUNDSDÓTTIR WALLACH

„VÁ, HVAÐ ÞETTA VAR FYNDID. HEF EKKI
HLEGID SVONA MIKID Í LANGAN TÍMA.
GRENJADI ÚR HLÁTRI! TAKK FYRIR MIG.“

BERGLIND HILMARSÓTTIR

★ ★ ★ ★
„ÁHORFENDUR
FÖGNUMU
OG VAR ÆRIN
ÁSTÆÐA TIL.“
FRÉTTABLAÐID

„EFTIRMINNILEGASTA
BLAKKÁT SEM ÉG
HEF UPPLIFAD.“

DJÖFLAEYJAN



SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU
Midasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á midi.is
Midasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga

BLAKKÁT

Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR
Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR · HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON · MAGNÚS GUÐMUNDSSON

Föstudagur 4. okt. - Uppselt
Föstudagur 11. okt. - Uppselt
Föstudagur 18. okt. - Örfá sæti laus
Föstudagur 25. okt. - Örfá sæti laus
Föstudagur 1. nóv.

Sýningum að ljúka.
Tryggið ykkur miða!

midi.is

Finndu okkur á facebook



MÁNUDAGSLAGIÐ



„Mánudagslagið mitt er lagið Lovely Day með Bill Withers.“

Lilja Björk Runólfsdóttir, söngkona og einn eigenda fyrirtækisins VEGG.

Á yfir 5.000 aðdáendur á Facebook

Íþróttalýsandinn Guðmundur Benediktsson nýtur mikilla vinsælda á Facebook.

Aðdáendaklúbbur Guðmundar Benediktssonar, íþróttalýsanda á Stöð 2 Sport, á Facebook fer óðum stækkandi.

Núna eru aðdáendurnir orðnir yfir fimm þúsund talsins og hjálpar þar vafalítið til eftirminnileg lýsing hans frá leik Noregs og Íslands í undankeppni HM í fótbolta síðastliðinn þriðjudag.

„Mér var sýnt þetta í vinnunni en þetta truflar mig ekki neitt,“ segir Guðmundur, sem er einn af örfáum Íslendingum sem eru ekki á Face-

book. „En það er örugglega gaman að eiga aðdáendur einhvers staðar.“

Guðmundur kveðst hafa verið í geðshræringu er hann lýsti leik Noregs og Íslands eins og svo margir aðrir Íslendingar. „Ég er einhvern veginn þannig að ég man ekkert hvað ég segi í lýsingum. Maður dettur í einhvern ham. Ég bið fólk afsökunar á því ef og þegar ég fer yfir strikið.“

Spurður hvort ekki sé mikilvægt að vera skemmtilegur í lýsingum segir hann gott að krydda hlutina

aðeins því ekki séu allir leikir jafn skemmtilegir. „Ég held að það sé ekki hægt að ákveða að vera skemmtilegur. Annaðhvort kemur það eða ekki. Ég er örugglega langt frá því að vera skemmtilegur í öllum lýsingum. En það er ekki hægt að neita því að þegar allt er undir verður allt miklu skemmtilegra, eins og á þriðjudaginn.“ -fb



5.000

Guðmundur Benediktsson á yfir 5.000 aðdáendur á Facebook.

VINSÆLL Aðdáendaklúbbur Guðmundar Benediktssonar fer óðum stækkandi.

HUMAR

2.600 kr./kg

Stærð 30/40

Súr Hvalur

Heildsala Kóngsins

Sendum ferskan og frosinn fisk alla daga til fyrirtækja og stofnana.

Sími 777 2002, Ármann Sal.

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 fiskikongurinn.is s. 587 7755



GJAFMILD Edyta Angieszka Janikula færði Bókasafni Hafnarfjarðar átta hundruð bækur að gjöf.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gaf bókasafninu brúðargjafir sínar

Edyta Angieszka Janikula gaf Bókasafni Hafnarfjarðar átta hundruð bækur.

Edyta Angieszka Janikula, 27 ára Pólverji sem hefur búið á Íslandi í sjö ár, færði Bókasafni Hafnarfjarðar um átta hundruð bækur að gjöf fyrir skömmu.

Bækurnar fékk hún flestar í brúðkaupsgjöf er hún gifti sig í heimabæ sínum í Póllandi í sumar. Einnig gaf hún bókasafninu eitthvað af pólskri tónlist.

Edyta fékk starf á bókasafninu í apríl síðastliðnum í gegnum svokallaðan liðsstyrk, sem er atvinnuáttak á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Síðasti dagur hennar í starfinu var á föstudaginn en áður en hún fékk vinnuna á bókasafninu hafði hún starfað við ræstingar, meðal annars í utanríkisráðuneytinu.

„Ég bað fólk um að gefa mér ekki blóm eða eitthvað slíkt heldur bara bækur. Ég keypti líka bækur

Fundaði með sendiherra Póllands

Edyta átti fund með sendiherra Póllands á Íslandi á föstudaginn. Þar fékk hún 45 bækur og sex hljóðbækur að gjöf sem hún fór með á Bókasafn Hafnarfjarðar. „Sendiráðið vill halda áfram samstarfi við mig. Sendiherrann var ánægður og sagði að það vantaði fleira fólk eins og mig,“ segir Edyta, spurð hvernig fundurinn hefði gengið.

og náði í bækur heim til mín,“ segir Edyta, spurð út í þessa óvenjulegu bókagjöf. „Mig langar að hafa fleiri pólskar bækur í boði á bókasafninu og ég elska þennan vinnustað.“

Um viðbrögð starfsfólks bókasafnsins við bókagjöfina segir Edyta: „Það var rosalega ánægt. Það vildi borga mér fyrir þær en ég vildi engan pening.“

En hvað með eiginmann þinn, var hann sáttur við að fá enga brúðkaupsgjöf? „Nei,“ segir hún

og hlær. „Ég gaf honum köfunargræjur. Það var brúðkaupsgjöfin mín til hans, svo að hann fengi einhverja gjöf.“

Edyta hefur einnig lesið upp úr pólskum bókum fyrir börn á bókasafninu á laugardögum klukkan 13 og síðast komu fjórtán krakkar og hlýddu á lesturinn. Hún kveðst ætla að halda því áfram, enda enginn annar staður, að því er hún best veit, sem býður upp á slíka þjónustu.

freyr@frettabladid.is

Hannar nýja barnafatalínu

Sara María Júlíudóttir, kennd við Forynju, er konan að baki Shiny Diamonds.

Sara María Júlíudóttir, sem lengst af rak búðina Nakta apann í Bankastræti og síðar Forynju við Laugaveg, hefur stofnað nýtt fatamerki sem ber nafnið Shiny Diamonds.

„Þetta er barnafatalína,“ segir Sara María og bætir við að hana hafi alltaf langað að búa til fót fyrir börn. „Þegar mín börn voru lítil og ég fór með þau að bursta tennur sagði ég alltaf við þau þegar þau voru búin að tennurnar þeirra væru eins og skínandi demantar. Þaðan er nafnið sprottið,“ segir Sara María jafnframt. „Ég hafði

alltaf einhver barnaföt í Nakta apanum en það var bara eitthvað sem ég gerði til hliðar,“ segir Sara. „Í Forynju byrjaði ég á þessu lítillega en núna er planið að koma með heila barnafatalínu,“ segir Sara María.

Sara María hefur verið iðin við kolann undanfarin ár en hún vann einnig sem stílisti tímaritsins VOLG. „Ég hef prófað ýmislegt en fer alltaf aftur í fatahönnun. Ætli ég eigi nokkuð val um starfsframa?“ segir Sara María létt í bragði.



ALLTAF LANGAÐ AÐ BÚA TIL BARNAFÖT Sara María hefur lengi verið viðloðandi hönnunarbransann.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Veldu notaðan Kia með lengri ábyrgð



ASKJA



6 ár eftir af ábyrgð

Kia cee'd Sportswagon LX 1,6

Árg. 2012, ekinn 37 þús. km, dísil, 116 hö., 6 gíra, eyðsla 4,6 l/100 km*.

► Verð: 2.990.000 kr.

28.311 kr. á mánuði

M.v. 50% innborgun og 72 mán. óverðtryggt lán á 9,7% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,49%.

* Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



The Power to Surprise

Magnað tilboðsverð á sérvöldum vörum

8GB
VINNSLU-
MINNI

Advania býður breitt vöruúrval sem svarar þörfum og kröfum fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Við leggjum metnað okkar í að veita framúrskarandi þjónustu.



Hagkvæm og áreiðanleg

Dell Optiplex 3010 borðtölva er vinnustöð fyrir hvaða skrifstofu sem er.

Verð áður: 179.990 kr.

Verð nú: 109.990 kr.



Öflugur vinnuhestur á góðu verði

Dell Latitude E5430 fartölva er með styrkta umgjörð og hentar því vel fyrir fólk á ferðinni.

Verð áður: 266.090 kr.

Verð nú: 169.900 kr.



Þjartur og skarpur tölvuskjár

Dell Professional P2312H 23" skjárinn er hæðarstillanlegur, hefur marga tengimöguleika og býður bjarta og góða mynd.

Verð áður: 43.990 kr.

Verð nú: 38.990 kr.



Öflugt og hraðvirkt fjölnotatæki

Xerox WorkCentre 6605dn er gríðarlega öflugt fjölnotatæki með þægilegum 4,3" 50 bls. sjálfvirkum pappírsmatara og duplex prentun.

Verð áður: 277.950 kr.

Verð nú: 177.990 kr.

Velkomin í verslanir okkar í Guðrúnartúni Reykjavík og Tryggvabraut Akureyri.

Nánari upplýsingar má finna á www.advania.is/tilbod, í síma **440 9010** eða í tölvupósti á sala@advania.is



advania

Welcome to IT



xerox

FRÉTTIR AF FÓLKI

Friðrik færir fólki fálkaorður

Lokaheiðurstónleikar Freddy Mercury, sem er ein aðsóknarmesta tónleikaröð síðari ára hér á landi, fóru fram á laugardagskvöldið í Háskólabíó. Rigg efh., sem er í eigu Friðriks Ómars Hjörleifssonar, stóð fyrir tónleikunum en yfir 40.000 manns hafa sótt tónleikana.

Eftir lokatónleikana var mikill fögnuður en Friðrik Ómar þakkaði samstarfsfólki sínu meðal annars fyrir með því að veita því fálkaorður, sem hann lét hanna sérstaklega fyrir sig. Allir voru himinlifandi með þennan virðulega grip sem fékk nafnið Freddie-orðan. Næst á dagskrá hjá Rigg ehf. eru tvennir Bee Gees-heiðurstónleikar í Hofi á Akureyri um næstu helgi.



- glp

Ætla að koma þjóðinni í jólaskap

Greta Salóme Stefánsdóttir tónlistarkona er þessa dagana á fullu að útsetja jólalög fyrir tónleikaferðalagið Jólin alls staðar, sem hefst 3. desember í Kópavogskirkju.

Greta Salóme fer um land allt í desember og spilar á tuttugu tónleikum. Með í för verða söngvararnir Heiða Ólafs og Jógvan. Þá verður fjögurra manna hljómsveit einnig með í för.

Tónleikarnir fara fram í kirkjum og stemningin á tónleikunum á að vera afslöppuð og kósí. Markmiðið er að koma þjóðinni í jólaskap.

Miðasala á tónleikana hefst 23. október á midi.is.

- glp



Mest lesið **vísir**

- 1 Furðuhlutur var venjulegt neyðarblys
- 2 Tottenham ekki í neinum vandræðum með Aston Villa
- 3 Wenger: Eitt flottasta mark sem ég hef séð
- 4 Íslensk kona varð fyrir leigubíl í Kaupmannahöfn og lést
- 5 Klopp: Peningar ekki allt

LKL2
LÁGKOLVETNA
LÍFSSTILLING
LOW CARB
LCHF
HIGH FAT
www.forlagid.is

SELJUM NOKKUR KING SIZE SÝNINGARRÚM Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI



VERDDÆMI ALPINE
King Size (193x203 cm)
FULLT VERÐ 232.818 kr.
139.690 kr.
= 40% AFSLÁTTUR!
Innifalið í verði:
dýna, botn og fætur

Framleiðandi: King Koil
Framleiðsluland: Bandaríkin
Stíleiki: Millistíft/stíft
Gormakerfi: Fimmsvæðaskipt 660 gorma pokagormakerfi, engin hreyfing milli svefnsvæða.
Mýking: 5 cm af þrýstjöfnunarefni, leiserskorinn 5 svæða skiptur kaldsvampur.
Botn: Stífur klæddur botn með fótum.
Öryggi: Með öryggisþráðum, gert samkvæmt nýjum eldvarnarlögum í U.S.A.

SILVIA HÆGINDASTÓLL Á 20% AFSLÆTTI



SILVIA
FULLT VERÐ 43.700 kr.
34.960 kr.
20% AFSLÁTTUR

SVEFNSÓFAR Á 20-30% AFSLÆTTI

VERDDÆMI VOLGA
FULLT VERÐ 49.900 kr.
34.930 kr.
30% AFSLÁTTUR



rekkjan

H E I L S U R Ú M